



Bls. 3



Erfiðir kjarasamningar

Bls. 12



Aldrei langað að skipta um starf

Bls. 24



Stærsti áfanginn

GLÆSILEGASTA HLJÓÐFÆRAVERSLUN LANDSINS

Tónastöðin stækkar um helming



Glæný trommudeild, stútfull af alls kyns slagverkshljóðfærum.
Prufuklefi fyrir trommur.

Stór sending af Sonor trommusetnum nýkomin.

Rokkdeild með frábæru úrvali gítara, bassa og magnara ásamt
öllu öðru sem til þarf. Kassagítarhorn þar sem finna má
gæðagítara og hina landsfrægu AER magnara.

Klassísk deild, þar sem flyglarnir standa í röðum.

Petrof, Kawai, Young Chang og Bösendorfer.

Landsins mesta úrval af píanóum í öllum verðflokkum.

Ekki má gleyma nótnadeildinni okkar sem allir þekkja.

**Hjá okkur færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og 20 ára reynslu.**

Vertu velkomin/n í heimsókn til okkar.



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Práinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Atli Lýðsson
Guðmundur P. Jónsson
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lís Terrazas
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Fjöla Jónsdóttir
Guðmundur P. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Hallsteinn Friðbjósson
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Oddný Einarsson
Ólöf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Sigurður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Ingvarson
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Práinn Hallgrímsson

Starfsafl

Sveinn Aðalsteinsson
Valdis Steingrimsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæðir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Starfsmenn HB Granda í Norðurgarði

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sættún 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin
frá kl. 08.15 – 16.00.



Sigurður Bessason

Erfiðir kjarasamningar framundan

Kjarasamningarnir framundan milli stéttarfélaganna innan ASÍ og Samtaka atvinnulífsins munu eiga sér stað í skugga mjög erfiðra aðstæðna í efnahagsmálum. Verðbólga hefur magnast á þessu ári þannig að algerlega óviðunandi er bæði fyrir fólkið og fyrirtækin í landinu. Stjórnvöld hafa ekkert ráðið við að halda aftur af verðhækkunum á vissum sviðum efnahagsmála s.s. í húsnæðiskostnaði sem hefur þróast upp úr öllum skynsamlegum takti. Vaxta- og fjármagnskostnaður hefur um leið hækkað mjög og sligar nú brátt fjárhag fjölda fólks sem hefur fjárfest í íbúðum og reiknað með lægra verðbólguþingi.

Það er alveg ljóst að meginkrafta launafólks gengur út á að hækka lægri laun umtalsvert og sérstaklega þá sem hafa setið eftir í launaþróuninni. Það er þannig að þó að umtalsvert launaskrið hafi orðið í mörgum starfsstéttum, þá eru aðrar sem hafa ekki notið launabreytinga í sama mæli eða hreinlega setið hjá með algerar lágmarkshækkunar.

Það er dapurleg staðreynd fyrir almennt launafólk og stéttarfélögin að þrátt fyrir góðan árangur í því að hækka lægstu taxa, tryggja lágmarkstekjur og viðleitni til að bæta stöðugt öryggisnet launakerfanna, þá hafa samverkandi þættir launaskriðs, hárrar verðbólgu og þróun í launamálum þeirra sem standa betur að vígi, haldið áfram að gera stöðu þessara hópa erfiðari og flóknari.

Við þessar aðstæður er ljóst að staðan er þröng í samningaviðræðum og því skiptir miklu máli að þeir sem setið hafa eftir hafi forgang á aðra hópa enda er það í samræmi við niðurstöðu könnunar sem framkvæmd var á meðal félagsmanna í haust. Þar sem áherslunar voru í þessari röð. Leiðrétting þeirra hópa sem setið hafa eftir, sérstök hækkun lægstu launa og síðan almenn hækkun með tryggingu á öryggisnetinu.

Fram hefur komið að hálfu Samtaka atvinnulífsins að þeir telja æskilegast að semja til tveggja ára með engum opnunarákvæðum. Efling-stéttarfélag er ekki til viðræðna um kjarasamninga án tryggingarákvæða. Við höfum talið að tveggja ára samningur gæti verið um margt skynsamlegur en ef ekki semst um skýrt opnunarákvæði þá er einungis verið að ræða um kjarasamning til eins árs.

Ríkisstjórnin hefur með efnahagsstefnu sinni búið til efnahagsumhverfið. Stjórnvöld geta reynt að tala sig frá ábyrgðinni og bent á Seðlabankann en spyrja má sig hvort stýrivextirnar hafi gert eitthvað meira en auka enn frekar þann vanda sem fyrir var.

Ef hægt á að verða að leysa þessa samninga á farsælan hátt þá verður ríkisstjórnin að stíga fram með tillögur í skattamálum, húsnæðismálum og gagnvart barnafólki. Taka verður upp nýtt skattþrep gagnvart lægstu launum að 200 þúsundum króna markinu ásamt því að endurreisa vaxtabótakerfið og hækka húsaleigubætur. Barnabótakerfið þarf að taka til endurskoðunar. Hér dugar ekki til að bíða eftir að samningar komist á lokastig. Hér verða línurnar að vera skýrar í upphafi ef þær eiga að stuðla að lausn samninganna sem framundan eru með skynsamlegum niðurstöðum.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Unnið eftir dagskrá viðræðuáætlunar	4	Mentor er málið	27
Gott að vinna í þessum hópi	4	Nýjung hjá fræðslusjóði	28
Hvenær eru mínir samningar lausir?	6	Heillabilun	29
Áherslan á kaupmátt	7	Veruleg kjarabót náist fyrir launafólk	30
Sláandi launamunur kynjanna	8	Mannsæmandi laun	30
Kraftmikið fræðslustarf Eflingar	11	Félagsgjaldið lækkar	30
Til hamingju Þórunn!	16	Fjórtándi hópurinn farinn af stað	31
Sárt að slíta sig frá börnunum	19	Vinnustaðaheimsóknir Starfsafls og Eflingar	32
Sumarhús í sveitasælu	20	Fundir með útlendingum	36
Faghópur leikskólaliða í undirbúningi	21	Hafnarstræti	38
Þýmri einstaklingsstyrkir hjá Starfsafl	23	Snúið við dómi vegna tómlætis	42
Stærsti áfanginn	24	Fullt út úr dyrum	46

Hvernig er skipulag samningaviðræðna?

Unnið eftir dagskrá viðræðuáætlunar



Byggingamenn og tækjastjórnendur vinna að undirbúningi sérkjarasamnings síns

Skipulag samningaviðræðna stéttarfélaganna við Flóann og Boðann er þannig að 110 manna samninganefnd fer með almenna stefnumörkun. Undirnefnd samninganefndar er 24 manna viðræðunefnd sem undirbýr fundi samninganefndarinnar og hefur síðan það hlutverk að ræða við Samtök atvinnurekenda um framvindu samninganna.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar var einróma kosinn formaður samninganefndar á fyrsta fundi hennar. Hann hefur ásamt hinum formönnum félaganna verið í forystu fyrir samningaviðræðum Flóans við Samtök atvinnulífsins.

Þetta er helst að gerast í samningunum

- Samninganefndin hefur til viðmiðunar niðurstöður í launakönnun félaganna þar sem fram kemur mikil áhersla á kaupmátt og sérstaka hækkun lægstu launa umfram almennar hækkanir.
- Undirrituð hefur verið viðræðuáætlun við atvinnurekendur en hún er eins konar dagskrá viðburða í samningunum næstu vikurnar.
- Aðilar hafa þegar kynnt umboð samninganefnda, meginmarkmið sín í samningunum, um þróun verðlags,

Hópar eru að störfum um aðalkjarasamning og um sérkjarasamninga sem tengjast honum

kaupmáttar og atvinnustígs svo og hugmyndir um samningstíma og samningsforsendur.

- Hópar eru að störfum um aðalkjarasamning og um sérkjarasamninga sem tengjast honum. Í aðalkjarasamningi er fjallað um almennar breytingar á kjörum. Í sérkjarasamningum er fjallað um sérmál hvers kjarasamnings fyrir sig svo sem varðandi ýmis aðbúnaðarmál, hvíldartíma og fleira.
- Í þessum mánuði kynna félögin niðurstöður þessarar vinnu og fljótlega eftir það hefjast viðræður um kaupliði kjarasamninganna. Forsenda umræðna um kaupliði er að kröfur hafi verið lagðar fram í öllum helstu sérkjarasamningum.
- Það er sameiginlegt markmið stéttarfélaganna og atvinnurekenda að reyna að ljúka samningagerð fyrir miðjan desember en hafi samningur ekki komist á 31. desember þegar kjarasamningurinn rennur út, geta báðir aðilar vísað málinu til ríkissáttasemjara.

Boðinn vinnur með Flóanum að samningagerð

Gott að vinna í þessum hópi

- segir Þórður Ólafsson, formaður Boðans

Því var sérstaklega fagnað á fyrsta fundi samninganefndar Flóafélaganna að Verkalýðs- og sjómannafélagið Boðinn hefur nú ákveðið að vera með Eflingu, Hlífi í Hafnarfirði og VSEK í komandi samningum.

Þórður Ólafsson, formaður Boðans hefur ásamt félögum sínum sótt fundi

samninganefndar Flóafélaganna og aðra undirbúningsfundi samninganna. Hann segir að það sé gott að vinna í þessum hópum að undirbúningi kjarasamninganna.

Það er vandað mjög til verka hjá okkur við undirbúning þessara kjarasamninga enda eru þetta að mörgu leyti

vandasamir samningar sem við erum að fara inn í að þessu sinni, segir hann. Við hjá Verkalýðs- og sjómannafélaginu Boðanum erum að skoða það að ganga til samstarfs við Eflingu-stéttarfélag og mér finnst þessi byrjun á samstarfi við Flóafélögin lofa mjög góðu, segir Þórður.



GOSI



SUPERSTAR




LÍK Í ÓSKILUM



DAGUR VONAR



BELGÍSKA KONGÓ



VILTU FINNA MILLJÓN?



RÆÐISMANNSSKRIFSTOFAN



GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ **ER FRÁBÆR**
JÓLAGJÖF FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Hvenær eru mínir samningar lausir?

- Hverjar eru kröfurnar?

Efling - stéttarfélag er fjölmennt stéttarfélag og félagsmannahópurinn er á nokkrum aðal kjaramálasviðum. Í haust hefur Efling verið í viðræðum við Samtök atvinnulífsins um kjarasamning fyrir

almenna vinnumarkaðinn.

Annað helsta samningssvið Eflingar er á opinbera markaðnum. Kjarasamningar við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er laus 1. mars en honum fylgja samningar

við ríkisstofnanir og hjúkrunarheimili með viðeigandi stofnanasamningum.

Síðar á árinu þ.e. í haust er síðan laus kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

Meðfylgjandi yfirlit skýrir stöðu samningamála vegna kjarasamninga sem félagið hefur gert ásamt því sem helstu upplýsingar um gildistíma og kröfur eru tilteknar þar sem þær eru fyrir hendi.

Nánari upplýsingar má fá hjá félaginu í síma 510-7500 eða á heimasíðu félagsins www.efling.is undir síðunni kjaramál.

Hvaða samningur?

Almennur markaður.

Á almennum markaði semur Efling með Flóabandalaginu sem eru auk Eflingar Hlíf í Hafnarfirði, Boðinn á Suðurlandi og Verkalýðsfélag Keflavíkur og nágrennis, Helstu samningar eru:

- Almennt launafólk
- Lönverkafólk
- Hótel- og veitingahús

Auk þess eru nokkrir sérkjarasamningar og fyrirtækjasamningar.

Hvenær er samningurinn laus?

Samningur er laus 31. desember 2007.

Kjarasamningur við ríkið

Samningur verður laus 31. mars 2008

Kjarasamningur við hjúkrunarheimili og sjálfseignarstofnanir

Fylgir samningi við ríkið.

Samningar við Kópavog og Seltjarnarnes.

31. nóvember 2008

Samningur við Reykjavíkurborg og tengd fyrirtæki ásamt einkareknum leikskólum.

Samningur er laus 31. október 2008



Sigurður Bessason

Flóinn vill samning til tveggja ára

Áherslan á kaupmátt og hækkun lægstu launa

- segir Sigurður Bessason, formaður samninganefndar

Megináherslan verður á hækkun lægstu launa og kaupmáttaraukningu í komandi kjarasamningum, segir Sigurður Bessason, formaður samninganefndar Flóafélaganna og Boðans. Helstu stefnumið félaga hafa ver-

ið kynnt eftir að aðalsamninganefnd félaga samþykkti almenna stefnumörkun þar sem gert er ráð fyrir að stjórnvöld tryggi stöðugleika og lækkandi verðbólgu til að launahækkunir skili sér í auknum kaupmætti. Fló-

félögin vilja semja til tveggja ára með traustum tryggingarákvæðum gagnvart verðbólgu og launum annarra. Þá vilja félögin stytta heildarvinnutíma og leggja áherslu á að ná launajafnrétti kynjanna fram í reynd.

Umframréttindi til þeirra sem hafa dregist aftur úr

Stéttarfélögin vilja tryggja umframleiðréttingu til þeirra hópa sem dregist hafa aftur úr á yfirstandandi samningstímabili, færa taxa að greiddu kaup og tryggja þar með öryggisnetið.

Launafólk á almennum markaði á ekki eitt og sér að bera ábyrgð á stöðugleikanum. Ábyrg stefna stjórnvalda er varðar lækkun á verðbólgu og almennan stöðugleika er forsenda þess að launahækkunir skili sér í auknum kaupmætti.

Áhersla verði lögð á að útrýma launamun kynjanna, en fram hefur komið að óútskýrður launamunur innan félaga er ennþá fyrir hendi og þessum mun vilja stéttarfélögin útrýma með markvissum aðferðum í samstarfi við atvinnurekendur.

Unnið skal að því að stytta heildarvinnutímann á samningstímabilinu en fram hefur komið í viðhorfsskönnun Flóafélaganna að launafólk leggur þunga áherslu á að stytta vinnutímann sem er allt of langur.

Bæta veikinda- og slysarétt

Félögin vilja ræða við Samtök atvinnurekenda um hvernig bæta megi veikinda-, slysa-, lífeyris- og örorkuréttindi á almennum markaði. Ákvæði um slystryggingar verði teknar til heildarendurskoðunar og tryggingaupphæðir verði stórhækkaðar til samræmis við það sem best gerist í samningum hér á landi.

Tryggja ber stöðu starfsmenntasjóðanna með hækkun á framlagi til þeirra til að standa undir auknum kröfum um menntun launafólks.

Skýr opunarákvæði gagnvart verðbólgu og hækkunum annarra

Krafist er skýrra opunarákvæða vegna verðbólgu og launahækkana annarra hópa. Aðeins þannig verður tryggt að svigrúm í atvinnulífinu komi til skipta fyrir allan almenning en ekki bara til útvalinna hópa. Almenn launafólk sættir sig ekki við að sitja eftir í launabróun í þjóðfélaginu.

Umræða um samningstíma fari fram um leið og viðræður eiga sér stað um kauplíði. Stefnt verður að samningi til tveggja ára.

Helstu kröfur

- Hækkun lægstu launa
- Stjórnvöld tryggi stöðugleika
- Afrám launamunar kynjanna
- Tveggja ára samningur
- Stytting heildarvinnutíma
- Auknar slystryggingar
- Öruggr forsenduákvæði

Kröfur ekki verið mótaðar

Fylgir samningi við ríkið.



Sláandi launamunur kynjanna

Eitt af því sem Flóafélögin hafa sett framarlega á kröfufalista kjarasamninganna að þessu sinni er að jafna launamun kynjanna. Þær tölur sem komu út úr Gallup könnun félaganna í haust eru sláandi en nokkur atriði eru dregin hér

fram til upplýsingar og áréttingar um þetta mikilvæga mál.

- Meðal fólks í fullu starfi eru konur með að jafnaði rúmlega 33% lægri heildarlaun en karlar. Að teknu til-

liti til aldurs, starfsstéttar, starfsaldurs og fjölda vinnustunda minnkar kynbundinn launamunur í 15,6% (+/-7,3%).

- Konur eru að jafnaði með rúmlega 17% lægri grunnlaun en karlar. Að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs og starfsstéttar minnkar kynbundinn launamunur í 12,6% (+/-7,5%).
- Launamunur kynjanna
Launabil milli karla og kvenna hefur aukist frá árinu 2006. Þannig hækkuðu meðal heildarlaun kvenna úr 201 þúsund krónum í 226 þúsund krónur eða um 12,44% á meðan meðal heildarlaun karla hækkuðu úr 273 þúsund krónum í 339 þúsund krónur eða um 24,18%. Sláandi munur er einnig á hækkun dagvinnulauna milli kynja en meðaltal dagvinnulauna kvenna hækkaði úr 168 þúsund kr. í 179 þúsund kr. eða um 6,4% og meðaltal dagvinnulauna karla hækkaði um 20,67% á sama tímabili og fór úr 179 þúsund krónur í 216 þúsund krónur.

Jólaball

- 27. desember -

Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið fimmtudaginn 27. desember í lðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg 1 kl.16:30. Húsið opnað kl. 16:00.

Miðasala verður á skrifstofu Eflingar að Sætúni 1 frá 10. desember nk. Upplýsingar í síma 510-7500
Ath. að panta verður miða

Jólasveinar koma í heimsókn • Hljómsveit sér um dans og söng
Boðið verður uppá veitingar • Nammipokar fyrir börnin

Miðaverð: Barn 400 krónur, Fullorðinn 600 krónur



Lítill heimur ...

Heimurinn er lítill þegar hugsað er stórt. Það gerum við!



Eimskip er með um 300 starfsstöðvar í yfir 30 löndum, rekur 50 skip, 200 kæli- og frystigeymslur og 2.000 flutningabíla og tengivagna. Hjá félaginu starfa um 14.000 manns. Starfsemi okkar snertir því, beint eða óbeint, daglegt líf fólks í öllum heimshlutum.

... hugsum stórt





Gallup könnun Flóans

Mikill meirihluti vill kaupmáttarleið

Mikil samstaða kemur fram um hækkun lægstu launa í viðhorfsskönnun Flóafélaganna, Eflingar, Hlífar og VSFK í Keflavík. Einnig kemur fram að mikill meirihluti félagsmanna leggur áherslu á kaupmátt launa í stað prósentuhækkunar. Þá er athyglisvert að konur leggja mun meiri áherslu á launahækkanir en karlar vilja styttingu vinnutímans. Þetta stemmir við þá óánægju sem fram kemur hjá þeim sem starfa við ýmis umönnunarstörf og eru í miklum meirihluta konur. Nokkrar niðurstöður könnunarinnar má sjá hér að neðan en könnunina sjálfa má finna á vef Eflingar.

Þrír af hverjum fjórum vilja áfram hækkun lægstu launa

Þegar félagsmenn voru spurðir hvort leggja ætti sérstaka áherslu á hækkun lægstu launa, þá voru ríflega 75% samála þó að það þýði minni almenna hækkun.

Tveir af hverjum þremur vilja aukinn kaupmátt í stað prósentuhækkunar

Spurt var hvort ætti að leggja áherslu á prósentuhækkun eða aukinn kaupmátt launa og þá svöruðu 65,6% að leggja ætti áherslu á aukinn kaupmátt. Mestur

munur var milli aldurshópa hvert svarið var en 78% þeirra sem voru 55 ára og eldri vildu frekar aukinn kaupmátt en einungis 51% þeirra sem voru 24 ára og yngri.

Vinnuvikan 50 stundir

Meðalvinnuvika félagsmanna í fullu starfi voru 50 klukkustundir á viku eða 53 hjá körlum og 44 hjá konum. Þá var meðalfjöldi yfirvinnustunda hjá félagsmönnum í fullu starfi 11,5 klukkustundir eða 13,5 hjá körlum og 7 hjá konum.

Heildarlaun 294.000.- krónur

Heildarlaun hafa hækkað um 19,3% milli árána 2006 og 2007 og eru nú að meðaltali 293.791 króna. Talsverður launamunur er milli kynja en karlar hafa að meðaltali 339 þúsund krónur og konur 226 þúsund krónur.

Dagvinnulaun um 200 þúsund

Dagvinnulaun hafa hækkað um 15% milli ára og eru nú að meðaltali 200.619 krónur.

Séu laun greind eftir störfum er byggingageiri og mannvirkjagerð með hæstu launin en þar hækkuðu heildarlaun um 34% milli ára. Mjög mismunandi er eftir hópum hve hækkunin er og var til

að mynda engin hækkun á dagvinnulaunum í hótél-, veitinga- og á skyndibitastöðum.

Meira óskað eftir launahækkunum - færri fengu

Spurt var hvort viðkomandi hefði óskað eftir launahækkun á sl. 12 mánuðum. Mun fleiri hafa óskað eftir launahækkunum nú en árið áður eða 38,2%. Sé þetta skoðað eftir starfsgreinum kom í ljós að flestir sem höfðu óskað eftir launahækkun voru í störfum í hótélum og veitingahúsum. Hlutfallslega færri nú en í fyrra fengu hins vegar launahækkun þegar þeir báðu um hana. Þegar spurt var hvort viðkomandi væri ánægður með launabreytinguna, voru karlar mun ánægðari en konur.

Einnig var spurt hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur með launin. Um 45% sögðust vera mjög eða frekar sáttir með laun sín en þegar þetta er greint eftir störfum þá er greinilegt að þeir sem starfa við umönnun eru lang ósáttastir með sín laun eða 75% segjast vera mjög eða frekar ósáttir með laun sín og nefna vanmat á störfum sem helstu ástæðu.

Mesta áherslan á launin

Þegar kom að helstu áhersluatriðum gagnvart atvinnurekendum í næstu kjarasamningum vildu langflestir leggja mesta áherslu á laun, þar á eftir styttingu vinnutíma, þá atvinnuöryggi og síðast starfsumhverfi. Ívið fleiri leggja nú áherslu á launahækkanir en í könnuninni 2003 en mun færri á atvinnuöryggi. Konur leggja mun meiri áherslu en karlar á launahækkun og karlar leggja meiri áherslu á styttingu vinnutímans. Yngsti aldurshópurinn leggur meiri áherslu á starfsumhverfi en aðrir aldurs hópar.

Skattar og vextir efstir gagnvart stjórnvöldum

Af áhersluatriðum í næstu samningum gagnvart stjórnvöldum voru skattamálin í fyrsta sæti, þar á eftir komu vaxtamál, þá verðlagsmál og síðast húsnæðismál. Séu niðurstöðurnar bornar saman við eldri könnun leggja færri núna áherslu á húsnæðismál en 2003. Þó kemur fram að þeir sem búa í leiguhúsnæði og foreldrahúsum leggja mesta áherslu á húsnæðismál á eftir skattamálum. Athyglisvert er að sjá að sá hópur í úrtakinu sem býr í leiguhúsnæði eða í foreldrahúsum er um 25% sem hlýtur að teljast nokkuð hátt hlutfall.



Kraftmikið fræðslustarf Eflingar

- segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri

Það eru sífellt fleiri sem nýta sér það fræðslustarf sem Efling stendur fyrir og hefur byggst upp hjá félaginu á mjög skömmum tíma, segir Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar. Á hverju ári er tekist á við ný viðfangsefni og ljóst hjá félagsmönnum okkar að þeir kunna vel að meta þann kraft sem er í félaginu í þessu efni, segir hann. Við erum á stöðugri ferð milli skóla og námshópa við að ræða við og hvetja félagsmenn okkar til dæða sem eru í námi um allt höfuðborgarsvæðið, segir hann.

Fræðslustarfinu má í grófum dráttum skipta í tvennt. Annars vegar eru það

einstaklingsstyrkir þar sem félagsmenn geta sótt um styrki fyrir nánast hverju því námi sem þeim kemur til hugar að spreyta sig á.

Hins vegar eru fjölmargar námsleiðir sem Efling hefur tekið þátt í að byggja

✱ **Um tvö þúsund einstaklingsstyrkir eru veittir á ári**

✱ **Á næstu mánuðum verða til margar nýjar námsleiðir**

upp og styður með ráðum og dád. Sem dæmi um slíkar námsleiðir má nefna grunnmenntaskólann, jarðlagnatækninám og félagslíðabréf.

Einstaklingsstyrkirnir á árinu 2006 voru nærri tvö þúsund og vonumst við til þess að þeir verði talsvert fleiri á þessu ári. Mikill meirihluti þeirra styrkja sem félagsmenn eru að sækja sér eru vegna starfstengds náms. Aukin ökuréttindi, nám í framhaldsskóla og tölvunám eru góð dæmi um það sem flestir eru að sækja um styrk fyrir.

Námsleiðum og tækifærum til menntunar er sífellt að fjölga og gegnir Efling þar forystuhlutverki. Á árinu 2006 nýttu um 800 félagsmenn sér þessi námstækifæri. Nú á næstu mánuðum eru að verða til margar nýjar námsleiðir. Þar má nefna starfsnám fyrir öryggisverði, fagmenntun í umönnun, nám fyrir þjónustuliða og margt fleira.

Þessi starfsemi er þó aðeins áfangi á þeirri löngu leið að skapa fólki með litla framhaldsmenntun ný tækifæri til menntunar og bæta stöðu sína á vinnu- markaði.

40 ár á leikskóla

Aldrei langað að skipta um starf

- segir Þóra María Stefánsdóttir



Þóra María Stefánsdóttir með afmælisgjafir sem Helga Alexandersdóttir, leikskólastjóri t.v. afhenti henni á útsvæði leikskólans

Mikil gleði ríkti í leikskólanum Laugaborg 2. október sl. Þegar Þóra María Stefánsdóttir fagnaði 40 ára starfsafmæli í hópi barna og samstarfsfólks. Safnast var saman á leiksvæðinu og íslenski fáninn dregin að hún á meðan börnin sungu afmælisönginn. Að því loknu afhenti Helga Alexandersdóttir, leikskólastjóri afmælisbarninu gjafir frá leikskólanum og foreldrum barnanna.

Þóra María segist hafa byrjað að vinna í leikskólanum þegar hún var 18 ára, ári

eftir að leikskólinn tók til starfa 1966 og unnið þar flest störf sem til falla. Börnin skipta hundruðum sem ég hef unnið með og samstarfið hefur gengið mjög vel, segir hún.

Þóra segir að aldrei hafi hvarflað að sér að skipta um starf. Fyrir nokkrum árum flutti hún vestur í bæ og þá spurði fólk, hvort hún ætlaði ekki að fá sig flutta á leikskóla í grennd við heimili sitt en hún svaraði því neitandi.

Starfið á leikskólanum hefur breyst mikið til batnaðar og núna sé t.d. mun

meiri áhersla lögð á fræðslu, segir hún.

Mér hefur alltaf liðið vel innan um börn og hef átt því láni að fagna að vinna með frábæru samstarfsfólki alla tíð.

Þegar Þóra er spurð um samskipti við börnin eftir að þau hætta í leikskólanum, segir hún að foreldri sem var hjá henni eigi núna tvær dætur á leikskólanum. Svo þekki ég börnin oft ef ég hitti þau á götu og mér finnst yndislegt að sjá hvað þau hafa dafnað vel.

Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem sagt er upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.



Við borgum þér vextina mánaðarlega

ef þú leggur inn á **Mx12** hjá Kaupþingi.

Mx12 er nýr hávaxtareikningur Kaupþings þar sem vextirnir eru greiddir mánaðarlega í stað árlega. Þú getur ráðstafað vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Hver innlögn er bundin í sjö daga en síðan laus til úttektar. Vextir eru stighækkandi eftir tíma og fjárhæð. Lágmarksinnstæða er 1 milljón kr.

Mx12 er óverðtryggður innlánsreikningur og ársávöxtun er frá 13% - 14,5%.

ENHEM / SIA / NÚR2017

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**



KAUPÞING

Hugsum lengra



Vinnustaðaheimsókn í HB Granda

HB Grandi er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins með um 600 starfsmenn og stundar veiðar á botnfiski og uppsjávarfiski. Fyrirtækið

gerir út fjórtán skip og rekur sérhæfð fiskiðjuver og fiskimjölsværsmiðjur á Akranesi, Vopnafirði og í Reykjavík. Stærsta fiskiðjuverið er Norðurgarður

í Örfirisey. Við heimsóttum nokkra félagsmenn Eflingar sem vinna þar til að forvitnast um hagi þeirra á vinnustaðnum.

Unnið í fiski frá barnsaldri

- segir Anna Norris



Anna Norris var að brýna hnífa fyrir konur sem vinna við snyrtingu á færíböndum og kunni greinilega vel til verka. Hún byrjaði að vinna við skreiðarverkun hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur sem barn og fékk þá greiddar fimm krónur á tímann. En ég stoppaði stutt við þar vegna þess að verkstjóri sem ég þekkti útvegaði mér vinnu hjá Fiskiðjuveri Ríkisins og þar fékk ég fjórtán

krónur á tímann. Svo fór ég að vinna í Ísbirninum þegar ég varð eldri og vann þar í nokkra mánuð. Þá var fyrirtækið sameinað Bæjarútgerð Reykjavíkur og Grandi hf varð til og hér hef ég unnið í 29 ár, segir hún.

Hér eru fyrst og fremst framleiddar sjávarafurðir úr fersku hráefni. Karfi og ufsi er uppistaðan í hráefninu og stærstu markaðssvæðin eru Evrópa, Norður-

Ameríka og Asía. Afurðirnar fara með flugi til áfangastaða og þaðan er þeim dreift til kaupenda. En þegar ég byrjaði að vinna hér var karfinn sendur sjóleiðis til Rússlands.

Þegar Anna er spurð um aðbúnaðinn fyrir starfsfólkið, segir hún að starfsmenn hafi aðgang að mótuneyti og þeir sem vilji geti keypt heitan mat í hádeginu. Svo höfum við aðgang að ágætis búningsherbergjum og sturtum og fyrirtækið skaffar vinnuföt og skó okkur að kostnaðarlausu.

Anna segir líka að starfsmannafélag sé starfandi í fyrirtækinu og skipuleggi m.a. ferðalög á sumrin og haldi árshátíð og alþjóðakvöld í skammdeginu. Ég hef nokkrum sinnum farið í sumarferð og á árshátíð. En ég hef ekki látið verða af því að mæta á alþjóðakvöldin. Það er mikil synd því að vinnufélagar mínir hrósa matnum sem erlendu starfsmennirnir bera á borð fyrir þá.

Talandi um mat þá veit ég að þú ætlar að spyrja hvað ég borði á jölunum og því er fljótswarað. Börnin mín eru orðin fullorðin og bjóða mér í mat til skiptis og ég reikna með að fá hamborgarahrygg á aðfangadag og hangikjöt á jóladag, sagði Anna og brosti.

Fínt að vinna í fiski

-segir Babel Messner

Babel Messner er frá Tékklandi og hefur unnið hjá Granda í fjögur ár. Hann segir að það sé fínt að vinna í fiski. Ég er í móttökunni á lyftara og sé um að koma fiskinum í flokkunarvél-ar og vélar sem afhausa hann. Vinnan hefst klukkan átta á morgnana og lýkur klukkan fjögur síðdegis og stundum sé unnin aukavinna til klukkan sjö á kvöldin.

Þegar Babel er spurður um launin, segir hann að þau mættu vera hærri. Mér skilst að kjarasamningarnir sem okkur er borgað eftir verði lausir um næstu áramót og vonandi tekst Eflingu að ná fram verulegri hækkun á lægstu launataxtana í samningaviðræðunum sem eru framundan. Aðspurður um hvað hann ætli að gera á jólnum, segist Babel heimsækja átta ára gamla dóttur sína sem er búsett í Tékklandi. Svo borða ég steiktan fisk í raspi og kartöflusalat á aðfangadagskvöld með fjölskyldu minni og verð hjá þeim fram yfir áramót.



María Lovísa Jamora

Ein stór fjölskylda í Granda

María Lovísa Jamora hóf störf hjá Granda fyrir sextán árum og síðustu sex árin hefur hún unnið við gæðaeftirlit. María segir að samskiptin við íslendingana gangi mjög vel og starfsmennirnir séu eins og ein stór fjölskylda. Það er mjög gott að vinna hér og ég hef ekki undan neinu að kvarta. Aðspurð um hvað hún borði á jólnum, segist María Lovísa borða íslenskan og filippseyskan mat og hangikjöt og svið sé meðal þess sem sé á matseðlinum hjá sér.



Lægstu launin í 150 þúsund

- segir Elínbjörg Magnúsdóttir, trúnaðarmaður



Elínbjörg Magnúsdóttir sem er nýlega tekin við starfi trúnaðarmanns hjá HB Granda segir að lægstu launin eftir næstu kjarasamninga megi ekki vera undir 150 þúsund ef samið verður til tveggja ára. En ef samið verður til lengri tíma þá verði lægsti taxtinn að hækka um 30 þúsund í viðbót út samningstímann, bætir hún við.

Elínbjörg sem vinnur við snyrtingu

segir að starfið leggist nokkuð vel í sig og hún hafi ekki orðið vör við annað en að fyrirtækið hafi farið eftir settum leikreglum þegar félagsmenn Eflingar eiga í hlut. Eina sem hún hefur gert athugasemdir við er að það vantar verðmerkingar á allt sem hægt er að kaupa í mötuneytinu og ég vil líka fá útprentun með launaseðlinum yfir allt sem ég versla yfir mánuðinn. Svo er ég líka að skoða greiðslur til starfsmannafélagsins sem eru dregnar af laununum um hver mánaðamót. Félagið hefur verið í hálfgerðum dvala þau þrjú ár sem ég hef unnið hér og ég vil fá eitthvað fyrir þrettán þúsund kallinn sem ég borga á ári í starfsmannafélagið, segir hún.

Aðspurð um launin segist Elínbjörg ekki vera sátt við að hafa rúmar sjö hundruð krónur á tímann eftir tuttugu og fimm ára starf í fiski. Að vísu höfum við um 247 krónur í bónus á

unna klukkustund. En ef hráefnisskortur verður fá þeir sem sitja heima lægra kaup vegna þess að þeir fá engan bónus greiddan.

Þegar ákveðið var að fella niður næturvinnu hjá fyrirtækinu til áramóta vegna kvótakerðingar fékk ég mér vinnu á næturvöktum um helgar á Hjúkrunarheimilinu Grund og hef rúmar 16 þúsund krónur fyrir vaktina eða rúmar 1700 krónur á tímann. En fyrir næturvinnu í fiski fást tæpar 1300 krónur á tímann. Þessar tölur sýna að fiskvinnslufólk hefur setið eftir í launum og nú er komið að þeim 112 starfsmönnum sem vinna hjá HB Granda og starfsfólki í öðrum fiskiðjuverum út um allt land að fá verulegar kjarabætur, segir hún.

Þegar Elín er spurð hvernig hún haldi uppá jólin, segist hún mæta í jólamat hjá dóttur sinni og borði humar í forrétt og hamborgarahryggi í aðalrétt einsog undanfarin ár. Annars er ég alin upp við að borða kjötsúpu á aðfangadag og hangikjöt og svið á jóladag, segir hún að lokum.



Forseti Íslnads afhenti Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur starfsmenntaverðlaunin

Starfsmenntaverðlaunin 2007

Til hamingju Þórunn!

Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur var á föstudaginn 23. nóvember sl. veitt starfsmenntaverðlaunin 2007 vegna starfa sinna að starfs-, sí- og endurmenntun. Þetta er mikill heiður fyrir Þórunni og um leið fyrir Eflingu-stéttarfélag sem með Þórunni í fararbroddi fékk starfsmenntaverðlaunin árið 2005 fyrir starf að fræðslumálum þeirra sem minnsta formlega menntun hafa í atvinnulífinu.

Óhætt er að fullyrða að Þórunn Sveinbjörnsdóttir er öllum sem unnið hafa að starfsmenntamálum á Íslandi síðustu tvo áratugina að góðu kunn fyrir störf sín á þeim vettvangi. Þórunn hefur einkum einbeitt sér að því að ryðja braut fyrir þá sem minnsta menntun hafa úr formlega skólakerfinu og hefur hún og samstarfsfólk hennar með starfi sínu gert þúsundum íslendinga kleift að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og taka

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa verið Þórunni sérstaklega hugleikin og hefur hún beitt sér af alefli á þeim vettvangi við að greiða götu þeirra

þátt í fræðslustarfi sem oft gjörbreytir lífi þeirra.

Margir koma brotnir út úr skólagöngu sinni í skólakerfinu með þá vissu að nám sé ekkert sem hentar þeim. Þegar sömu einstaklingar kynnst síðan þeim vinnubrögðum og námsaðferðum sem viðhöfð eru í fullorðinsfræðslu gerbreystist viðhorf þeirra til menntunar og ekki síður til þeirra sem einstaklinga. Oft er nám í fullorðinsfræðslu stór þáttur í að endurheimta sjálfstraustið og fá tækifæri

til að upplifa sig sem sigurvegara í námi í fyrsta sinn á æfinni.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hafa verið Þórunni sérstaklega hugleikin og hefur hún beitt sér af alefli á þeim vettvangi við að greiða götu þeirra. Það hefur hún einkum gert með því að berjast fyrir aukinni íslenskukennslu og almennu námskeiðahaldi af ýmsu tagi sem opnar leiðir fyrir þá sem eru að flytjast til landsins.

Þegar Efling stéttarfélag varð til var strax mörkuð sú áhersla hjá félaginu að gefa menntamálum félagsmanna mikið vægi og sinna þeim af krafti, alúð og kostgæfni. Það hefur skilað sér í því að Efling hefur frá upphafi verið í framvarðarsveit þeirra sem ryðja brautina í starfsmenntamálum á Íslandi. Þórunn hefur leitt það starf hjá Eflingu allt frá stofnun félagsins.

Þú skalt ekki bíða eftir að gullgæsin verpi

Leggðu heldur fyrir í **séreignarsjóð** og launagreiðandinn
greiðir **sömu upphæð á móti** í þinn sparnað



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt
mótframlag frá launagreiðanda þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.



*Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi
tvö ár í röð, 2005 og 2006, af tímaritinu IPE*





UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem rétthafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (rétthafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Löggjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifi umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Rétthafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Aðalheiður Berndsen, Hrefna Karlsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir

Margra ára starfsreynsla í súginn

Sárt að slíta sig frá börnunum

-sögðu upp á Foldaborg vegna launanna

Þrír leiðbeinendur á leikskólanum Foldaborg sögðu upp störfum nýlega eftir margra ára störf á leikskólum. Hrefna Karlsdóttir hefur þrettán ára starfsreynslu, Lilja Guðmundsdóttir sjö ár og Aðalheiður Berndsen fimm ár. Þær segja ástæðuna fyrir uppsögnunum vera aðgerðarleysi borgaryfirvalda í launamálum starfsmanna á leikskólum. Þegar í ljós kom í sumar að erfitt yrði að fullmanna leikskólana var rætt um að finna leið til þess að hækka launin hjá okkur, en lítið hefur gerst í þeim málum og

þolinmæði okkar er þrotin, segja þær.

Við fengum lítil viðbrögð við uppsögnunum sem er skiljanlegt vegna þess að leikskólastjórinn er með bundnar

Við fengum lítil viðbrögð við uppsögnunum sem er skiljanlegt vegna þess að leikskólastjórinn er með bundnar hendur í launamálum

hendur í launamálum.

Aðspurðar um hvað taki við að loknum uppsagnarfrestinum, segjast Hrefna og Aðalheiður hafa ráðið sig í störf sem eru mun betur launuð. En Lilja er að athuga hvað sé í boði sem hentar henni.

Þær segja að þeim finnist sárt að þurfa að hætta á leikskólanum og enn sárara verði að slíta sig frá börnunum. En við verðum að hugsa um afkomu fjölskyldna okkar og kveðjum þessvegna frábæra vinnufélaga og góðan vinnustað.



Vetur í Úthlið

Húsin okkar í vetur!

Sumarhús í sveitasælu...

... eða íbúð erlendis!

Nú er langt liðið að jólum og hvað er betra eftir jólaamstrið en að fara í sveitasæluna og slappa af í heitum potti og gleyma sér undir áhrifum norðurljósanna?

Efling bíður í vetur félagsmönnum sínum 50 hús og íbúðir til afnota og þar af eru 35 með heitum potti.

Flest húsin eru í þægilegri fjarlægð frá Reykjavík og öll eru þau vönduð heilsárshús og vel útbúin.

Byrjað er að taka á móti bókunum og hafa félagsmenn þrjá virka daga til

að greiða leigu og ganga frá samningi eftir bókun. Hægt er að bóka sex mánuði fram í tímann. Eingöngu er leigt til félagsmanna og hver félagsmaður getur bókað sig í eitt hús. Þessi takmörk eru sett til að sem flestir félagsmenn eigi þess kost að nýta sér húsin og íbúðirnar.

Félagsmaður sem tekur á leigu hús eða íbúð er ábyrgur fyrir því að því sé skilað vel þrífnu í lok dvalar og vel sé skilið við húsin að öllu leyti. Óheimilt er að lána öðrum húsin.

Nánari upplýsingar um húsin er hægt

að nálgast á heimasíðu Eflingar – stéttarfélags www.efling.is og smellt er á síðu orlofssjóðs.

Skráning er í síma 510 7500 eða hjá okkur á skrifstofunni Sætúni 1, 105 Reykjavík.

Efling bíður í vetur félagsmönnum sínum 50 hús og íbúðir til afnota og þar af eru 35 með heitum potti



Mikill kraftur í leikskólaliðum

Undirbúa faghóp á næstunni

- segir Sigurrós Kristinsdóttir

Kraftmikið félagsstarf hefur verið að undanfögnu meðal þeirra félagsmanna Eflingar sem hafa lokið námi leikskólaliða. Sigurrós Kristinsdóttir, 1. varaformaður Eflingar, segir að hópur sé að störfum sem undirbúi nú stofnun faghóps leikskólaliða. Fjöldmennur fundur leikskólaliða var haldinn hjá Eflingu

þriðjudaginn 20. nóvember 2007 þar sem samþykkt var að halda stofnfund leikskólaliða eftir áramótin.

Það er mikill kraftur í okkar fólki á leikskólunum, segir Sigurrós. Á áttunda tug kvenna mættu á þennan fund okkar, bæði útskrifaðir leikskólaliðar og namar sem útskrifast 14. desember nk.

Ákveðið var að halda stofnfund eftir áramót og var undirbúningshópnun falið að vinna þá undirbúningsvinnu sem þarf vegna stofnfundarins. Mikill áhugi var meðal fundarkvenna fyrir stofnun faghóps.

Breytingar á vinnumarkaðnum

Í gjaldþroti voru 2 íslendingar af 23

Nýlega varð innlent byggingafyrirtæki gjaldþrota og 23 starfsmenn leituðu til Eflingar-stéttarfélags. Af þessum stóra hópi sem leitaði til félagsins voru einungis tveir íslendingar. Á skrifstofu Eflingar hefði það talist til tíðinda fyrir nokkrum árum ef hlutfall íslendinga og útlendinga í gjaldþrota fyrirtæki hefði

verið með þessum hætti en þetta dæmi er til marks um breytingarnar á vinnumarkaðnum undanfarin ár.

Þetta er alveg örugglega ekki einsdæmi og eflaust hægt að koma með fleiri dæmi þessu líkt. En það er ánægjulegt að sjá þó hvað margir af okkar erlendu félagsmönnum vita af því hvert á að

leita og það er því að þakka að Efling-stéttarfélag hefur haldið kynningafundi fyrir erlenda félagsmenn sína og farið hefur verið markvisst í vinnustaðaeftirlit til þess að hitta á félagsmenn og koma upplýsingum á framfæri, sérstaklega til þessa erlenda hóps.

Mikið hefur verið rætt um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og hvað það er orðinn stór hluti af vinnuumhverfi okkar. Síðustu tölur sýna að þriðji hver félagsmaður í Eflingu stéttarfélagi er af erlendu bergi brotinn.

Pólskir innflytjendur segja álit sitt

Hvers vegna að búa á Íslandi?

- eftir Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Margar rannsóknir eru nú gerðar á því fjölmenningslega samfélagi sem er hér á landi. Ásdís María Elvarsdóttir vann lokaverkefni til meistaraþrófs í mannfræði sem fjallar einmitt um þetta efni. Pólverjar hafa átt við allskonar erfiðleika að stríða á síðustu öld og við fall kommúnismans opnuðust þeim leiðir til að fara til annarra landa til að vinna fyrir mun hærri launum en þekkjast í heimalandinu. Mikið atvinnuleysi ógnaði fólki í áratugi og var fólki því tilbúið að grípa tækifærið þegar leiðirnar opnuðust. Talið er að á árunum 1981-1985 hafi um 120 þúsund Pólverjar flutt úr landi en við hrun kommúnismans jukust þessir fólksflutningar verulega.

Smátt og smátt eru stærstu borgir Póllands að breytast og verða líkari

Hér væri hægt að skipuleggja framtíð sína, huga að barneignum, leggja fyrir, sækja vinnu, búa í eigin húsnæði og svo mætti lengi telja

borgum á Vesturlöndum en sveitirnar og minni borgir sitja eftir. Breyting á hagkerfi og efnahagslegri uppbyggingu er því að skila sér með misjöfnum hætti til fólksins. Í rannsókninni tók Ásdís viðtöl við 10 einstaklinga sem hafa flutt til Íslands frá Póllandi en ein hefur flutt hédan til norðurlandanna. Viðtölunum er ætlað að bregða ljósi á hvernig og hvers vegna þau fluttu til Íslands, félagslegt tengslanet þeirra, viðhorf til pólska samfélagsins á Íslandi, samskipti við heimalandið og síðan lífið á Íslandi.

Viðmælendur voru bæði hjón og einstaklingar, fólki á aldrinum 27 til 45 ára og búseta hér mislöng frá fimm til fimmtán árum. Öll utan ein kona eiga

það sameiginlegt að hafa komið til að vinna en hún kom til að fara í nám. Með flutningunum til Íslands segja viðmælendur að þeir hefðu náð því takmarki sínu að lifa eðlilegu lífi. Hér væri hægt að skipuleggja framtíð sína, huga að barneignum, leggja fyrir, sækja vinnu, búa í eigin húsnæði og svo mætti lengi telja. Þessi atriði töldu þau til eðlilegs lífs og bentu á að ekkert af þessu væri auðvelt eða sjálfgefið í Póllandi. Þau fluttu til Íslands og breyttu þannig stefnu lífs síns.

Margt áhugavert kemur fram í þessari viðamiklu ritgerð og eru mörg áhuga-verð ummæli og skoðanir sem snerta þær miklu breytingar sem íslenskt samfélag er að ganga í gegnum. Með auknum samskiptum fólks af ólíku þjóðerni og uppruna er mögulegt að í hugum manna fari að skapast tilfinning fyrir samfélagi mannkyns án aðgreiningar.

Vitnað er í kafla úr ritgerð Ásdísar Maríu Elfarsdóttur sem nefnist:

Hér lifi ég eðlilegu lífi - Pólskir innflytjendur á Íslandi.



Rýmri einstaklingsstyrkir hjá Starfsaflí

Valdís Steingrimsdóttir, verkefnastjóri Starfsafls, ræðir við fulltrúa á ASÍ þingi

Stjórn Starfsafls samþykkti á fundi sínum þ. 11. október s.l. að samræma reglur sínar við marga aðra starfsmenntasjóði og stytta aðildartímabil úr 12 mánuðum í 6 mánuði samfellt til að eiga rétt á einstaklingsstyrkjum Starfsafls. Breytingin tók gildi frá og með úthlutuninni 1. nóvember nk.

Aðrar breytingar voru ekki gerðar en ákveðið að færa inn í reglur og bæklinga ákvarðanir sem hafa verið teknar um einstaklingsstyrki og meðhöndlun þeirra, t.d. um yfirfærslu réttinda milli sjóða og ákvörðun stjórnar Starfsafls að styrkja einstaklinga með lestrar- og skriftarörðugleika til kaupa á hjálpartækjum til lesturs t.d. svokallaðan lesþjón. Hámarksstyrkur er eins og hjá öðrum einstaklingsstyrkjum, 75% af kostnaði en að hámarki 50.000 kr.

Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Starfsafls, www.starfsafl.is, og á skrifstofum Starfsafls (510 7544) og Eflingar (510 7500).

Hámarksstyrkur er eins og hjá öðrum einstaklingsstyrkjum, 75% af kostnaði en að hámarki 50.000 kr

SEQUAL Eclipse handhæga súrefnissían

Hið físlétta nánast viðhaldsfria kerfi sem skapar síflæði og skammtar súrefni meðferð sem stenst allar kröfur með glæsibrag

Höfum einnig fengið súrefnismettunar og púlsmæla á frábæru verði

Við höfum aðgang að öllum vörum fyrir heilbrigðisgeirann frá framleiðendum á borð við AliMed, Drive Medical, MedChoice og Sequal.

Það sem við eigum ekki til gerum við okkar besta til að útvega.

K-Matt ehf
Hólmgarði 2c
230 Reykjanessbæ
sími: 421 8999
fax: 421 8991





Í sveitaparadis í dölunum með eiginmanni sínum, Þórhalli Runólfssyni

Þjóðarsáttin um lækkaði verðbólgu og aukinn kaupmátt er

Stærsti áfanginn

Rætt við Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur

Ég fór að vinna á leikskólanum Hlíðarborg árið 1979 og tveim árum seinna tók ég þátt í gerð kjarasamnings fyrir starfsfólk á leikskólum og uppúr því hófust afskipti mín af verkalyðsmálum, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, sem lét af varaformennsku Eflingar sl. vor. Þegar ég svo fór á trúnaðarmannanámsskeið í Sóknarhúsinu á Freyjugötu 47 og kynntist Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur þá höfðu þau kynni afdrifaríkar afleiðingar á líf mitt, segir hún.

Um svipað leyti var byrjað að ræða um að kom upp nýjum húsakynnum fyrir starfsemi Sóknar. Þegar ákvörðun lá svo fyrir um að ráðast í bygginguna var ég kosin í byggingarnefnd. Félagið fékk úthlutað lóð í Skipholti og fyrsta skóflstungan var tekin árið 1983. Þegar byggingin fór að rísa kom frétt í Morg-

Mestu skiptir að hækka lægstu launin og jafna laun kvenna og karla fyrir sömu störf

unblaðinu með fyrirsögninni „Ræstingarkonur byggja höll“ og mér finnst hún lýsa vel viðhorfum til kvenna á þeim tíma.

Þórunn segir að atvikin hafi hagað því þannig að hún fór að aðstoða Aðalheiði við eftirlit með framkvæmdum við bygginguna og á ýmsu hafi gengið í samskiptum þeirra við iðnaðarmennina. Hún segir líka að oftar en einu sinni hafi þurft að stöðva vinnu svo hægt væri

að leiðrétta mistök sem komu í ljós í eftirlitsferðunum. En þetta hafðist og fyrsti áfangi byggingarinnar var tekinn í notkun árið 1985. Ári seinna var húsið vígt að viðstöddu fjölmenni. Davíð Oddson borgarstjóri tilkynnti að borgin ætlaði að færa félaginu þá gjöf að sjá um frágang á lóðinni umhverfis húsið. Það tókst mjög vel eins og vegfarendur sem leið eiga um Skipholtið geta séð. Samstarfið við Aðalheiði varð til þess að við bundumst órjúfanlegum vináttuböndum.

Kleppsdeilan

Þórunn tók sæti í trúnaðarráði félagsins árið 1984 sama ár og Kleppsdeilan hófst. Hún snérist m.a. um að jafna laun kvenna og karla sem unnu á Kleppsspítala og Kópavogshælinu og tryggja starfsólkið fyrir áverkum eða slysum sem það varð fyrir á vinnustað sínum. Mikil

harka var hlaupin í deiluna. Fólkið var komið í setuverkföll á vinnustöðum og mótmælti ungt fólk á göngum Hreyf-
ilshússins við Grensásveg þegar haldinn var félagsfundur um málið. Ég hef ekki séð slíka uppákomu á samningafund-
um síðan, segir hún. Kleppsdeilunni lauk með því að nefnd var sett í mál-
ið og þar náðist samkomulag sem var samþykkt af öllum deiluaðilum og átti
Aðalheiður stóran þátt í að samning-
ar náðust. Þórunn segir að vinnan við
samningsgerðina hafi kennt sér mjög
margt sem hafi nýst henni í störfum
sínunum fyrir verkalyðshreyfinguna.

Þjóðarsáttin og uppbygging fræðslustarfseminnar

Í ágúst 1985 bauðst mér starf á skrif-
stofu Sóknar og árið eftir var ég kos-
in varaformaður félagsins. Árið 1987
breyttust aðstæður hjá Aðalheiði vegna
alvarlegra veikinda í fjölskyldunni
og hún ákvað að láta af formennsku í
Sókn. Þá ætlaðist hún til þess að ég
tæki við af henni sem varð niðurstaðan
og var ég formaður þar til félagið var
sameinað Eflingu árið 1998.

Þegar Þórunn er spurð hvað sé eft-
irminnilegast í störfum hennar fyrir
Sókn, segir hún að það sé margt sem
hægt væri að rifja upp. Mér er efst í
huga Þjóðarsáttasamningarnir 1990.
Með þeim lögðum við til atlögu við allt
of háa verðbólgu sem þurrkaði út ávinn-
ing kjarasamninga, nánast strax eftir
undirskrift. Laun voru að hækka um
tugi prósentna sem voru fokin úti veður
og vind áður en að útborgun kom. En
með Þjóðarsáttinni var tekin upp ný
stefna hvað varðar ýmsa meginþætti við
gerð kjarasamninga. Megin markmið-
ið var að ná tökum á verðbólgunni og
auka kaupmátt launa og það tókst. En
það eru mörg stórmál sem bíða úrlausn-
ar og þar skiptir mestu að hækka lægstu
launin og jafna laun kvenna og karla
fyrir sömu störf.

Í þó nokkrum málum vorum við
Sóknarkonur frumkvöðlar og ber þar
hæst samningsbundinn veikindaréttur
vegna veikinda barna og við sömdum
fyrstar við leitarstöðina um krabba-
meinsleit auk þess sem sjúkraþjálf-
un var viðurkennd fyrst hjá okkur. Í
einum kjarasamningum náðist mikill
árangur fyrir umönnunarstarfsmenn en
það mátti ekki fara hátt. Ólafur Ragnar
Grímsson þáverandi fjármálaráðherra
var meðal þeirra sem mættu til að und-
irrita samninginn og voru fréttamenn
á hælunum á honum. En við leyfðum

**Fólkið var komið í setu-
verkföll á vinnustöðum og
mótmælti ungt fólk á göngum
Hreyf-
ilshússins við Grens-
ásveg þegar samningamenn
mættu á sáttafund**

þeim ekki að koma inn í Sóknarhús-
ið. Næstu daga voru ýtarlegar fréttir af
samningnum í fjölmiðlum og miklar
rangtúlkningar í gangi sem ollu ólgu. Í
framhaldinu var haldinn gríðarlega fjöl-
mennur fundur á Hótel Sögu þar sem
samningurinn var kynntur og var hann
samþykktur með um 90% greiddra
atkvæða.

Mikið áunnist í menntamálum

Þórunn hefur tekið þátt í uppbygg-
ingu fræðslustarfs innan verkalyðshreyf-
ingarinnar í tuttugu ár og verið formað-
ur Mímis-símenntunar undanfarin 4 ár.
Hún segir að margt hafi áunnist í starfs-
menntunarmálum og grunnmenntun til
undirbúnings framhaldsnáms á þessum
árum og nokkrir öflugir fræðslusjóðir
hafi orðið til eftir kjarasamningana árið
2000. Uppbygging starfsmenntunar
hefur verið stór hluti af starfi mínu síð-
ustu árin. Afraksturinn er frábær og
mjög ánægjulegt að sjá Félagsliðanámið
blómstra og Leikskólaliðanámið loks-
ins verða til. Það tók ótrúlega mörg ár
að koma því í höfn. Lesblindunámið
er stórmerkilegt og sérstök lífsreynsla
hefur fylgt því að kynnst þeim heimi.
Þá hefur verið lyft grettistaki í íslensku-
kennslu fyrir félagsmenn af erlendum
uppruna og fjármagn til hennar hefur

sífelldt verið að aukast. Ég verð mjög
glöð þegar ég heyri frásagnir af erlend-
um félagsmönnum og íslendingum sem
hafa náð góðum árangri í námi og geta
þess vegna skapað sér og fjölskyldum
sínunum betra líf í framtíðinni, segir hún.

Ferðirnar skipað veglegan sess

Þórunn segist hafa mikinn áhuga á
ferðalögum og hún hafi skipulagt ferð-
ir fyrir félagsmenn Eflingar bæði inn-
anlands og utan. Það var árið 1991 sem
við hjá Sókn fórum í fyrstu utanlands-
ferðina og var farið til Færeyja. Fljótlega
eftir heimkomuna var sífelldt verið að
hringja á skrifstofuna og spyrja hvort
ekki væri fyrirhugað að fara í aðra ferð.
En af því varð ekki fyrr en árið 1998
skömmu áður en Sókn sameinaðist Efl-
ingu. Þá fór hópur til Færeyja, með við-
komu á Hjaltlandseyjum og síðan var
ekið í rútu um Noreg. Eftir heimkom-
una endurtók sagan sig og fólk byrjaði
að hringja og spyrjast fyrir um næstu
ferð, segir hún. Núna eru farnar tvær til
þrjár ferðir á sumrin og ég hef tekið að
mér fararstjórn í nokkrum ferðum. Ég
fór á námskeið í fararstjórn fyrir nokkr-
um árum og mér finnst fátt skemmti-
legra en að leiðbeina og aðstoða sam-
ferðafólk mitt enda mjög gefandi starf.

Sterkari saman

Það var án efa rétt ákvörðun þeg-
ar Sókn sameinaðist í Eflingu. Okkur
tókst að verða sterkara afl og margt hef-
ur áunnist í mikilvægum málaflokkum.
En það er talsvert óunnið af þeim fyr-
irheitum sem sett voru fram í upphafi
og félagið þarf sífelldt að vera reiðubúið
til nýrra verka sem eru félagsmönnum
til framdráttar. Ég treysti félögum mín-



Fyrirverandi forseti ASÍ, Ásmundur Stefánsson og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir sem voru meðal
bestu samstarfsmanna Þórunnar



Hvergi betra að vera en í sveitinni

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Við bjóðum fullkomnustu heyrnartækin frá danska framleiðandanum ReSound

- * Hágæða heyrnartæki með vindvörn
- * Fyrstu hlaðanlegu heyrnartækin
- * Einföld og þægileg í notkun



Tímarpantanir í síma 5349600

- * [Heyrnarþjónusta](#)
- * [Heyrnarmælingar](#)
- * [Heyrnartæki](#)
- * [Ráðgjöf](#)



AZURE EFLIR HEYRN Á EÐLILEGAN HÁTT

Azure er nýjasta og háþróaðasta heyrnartækið sem ReSound framleiðir. Hugmyndin að baki Azure heyrnartækinu er að heyrn með því verði eins eðlileg og frekast er unnt. Kristaltær tónn án takmarkana og ama fyrir notandann – rétt eins og hann á að vera. Azure flokkar ekki það sem notandinn fær að heyra og takmörkuð stærð tölvuforrita afmarkar ekki hljóðvinnslu þess.

Njóttum lífsins með [heyrnartækjum frá Heyrn](#)

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðarsmára 11. 201 Kópavogur. Sími 534 9600. netf: heyrn@heyirn.is

um í forustusveit Eflingar til þess að sjá um að þau fyrirheit náist, innan ekki of langs tíma.

Þegar Þórunn er spurð hvort hún sé sest í helgan stein, segir hún svo ekki vera. Ég held áfram að vinna í verkefnum sem mér voru falin og eru ennþá í vinnslu. Þá tek ég þátt í verkefni fyrir *Allar Heimsins Konur* í samstarfi við Rauða Kross Íslands sem hófst nú í október og ber yfirskriftina *Mentor er málið*. Ætlunin er að þróa félagsvinakerfi um allt land fyrir íbúa af erlendum uppruna.

Svo eigum við hjónin landskíka vestur í Dölum og þar erum við á kafi í trjárækt og ýmsum öðrum verkum sem til falla. Börnin og barnabörnin eru líka dugleg að heimsækja okkur og taka þátt í uppbyggingunni í paradís fjölskyldunar, sagði Þórunn að lokum.



www.efling.is

Félagsvinir

Mentor er málið

Nýtt verkefni til að opna dyr samfélagsins



Núna í októbermánuði voru haldin námskeið fyrir verðandi Félagsvini – mentora til að undirbúa fólk fyrir að gerast félagsvinir. Félagsvinir eru þeir kallaðir sem gefa kost á sér að vera innflytjendum til halds og trausts til að eiga auðveldara með að tengjast menningu og innviðum þjóðarinnar.

Verkefnið hefur verið í undirbúningi síðan í vetur en þá var haldið málþing um þessa aðferð að tengja saman erlendan íbúa og íslenskan félagsvin til að gefa báðum kost á góðum samskiptum sem ætlað er til að opna dyr að íslensku samfélagi og til að sá/sú sem það gerir læri líka um það land og menningu sem félagsvinurinn kemur frá.

Reynsla af sambærilegum verkefnum bæði frá Danmörku og Svíþjóð er mjög góð og hafa slík verkefni fengið viðurkenningar. Það er álit þeirra sem hafa kynnt sér þessa hugmyndafræði að hér geti verið um frábært tækifæri fyrir báða aðila til að þroskast og auka skilning á ólíkum menningarheimum.

Boðið verður upp á þjálfun fyrir næsta hóp eftir áramót en verkefnið er tilraunaverkefni sem unnið er hjá Rauða Krossdeildinni í Garðabæ í samvinnu við *Allar heimsins konur*.

Hægt er að fá upplýsingar þar í síma 5659494 og biðja um Ásu en hægt er að fá kynningar á vinnustaði líka. Tengiliður hjá Eflingu er Þórunn Sveinbjörnsdóttir, thorunn@efling.is.

Gleðilega hátíð



ISS Ísland óskar starfsfólki sínu, fjölskyldum þeirra og félagsmönnum Eflingar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum starfsmönnum vel unnin störf á árinu sem er að liða.

Fagmennska í áratugi

ISS Ísland ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. Fyrirtækið býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði, umsjón með mótuneytum, þrif og eftirlit með loftræstikerfum og fl.

ISS leggur áherslu á að veita starfsfólki fyrsta flokks vinnuaðstæður, þjálfun og besta búnað sem völ er á.



Reykjavík: Ármúli 40, sími 5 800 600, fax 5 800 666. Heimasíða: www.iss.is

Nýjung hjá Sjúkrasjóði

Markþjálfun til hjálpar ADHD einstaklingum

- segir Sigríður Jónsdóttir ADHD markþjálfari



Síðastliðinn vetur ákvað stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar að bæta ADHD greiningu og meðferð fyrir fullorðna við styrki vegna sálfélagslegrar viðtalsmeðferðar. Slíkir styrkir höfðu áður eingöngu verið veittir þeim sem verið hafa í viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi eða félags- eða fjölskylduráðgjafa. Sjúkrasjóður greiðir allt að kr. 3.000.- fyrir hvert skipti í allt að 15 skipti á hverjum 12 mánuðum. Skemmst er frá því að segja að starfsmenn Sjúkrasjóðs hafa orðið varir við mikla ánægju með þessa viðbót.

En hvað er ADHD?

Við fengum Sigríði Jónsdóttur, markþjálfara ADHD, til að greina okkur frá hvað ADHD er. Hún er ein af þeim sem bjóða upp á meðferð við ADHD hér á landi.

Hvað er ADHD?

ADHD stendur fyrir Attention Deficit Hyperactivity Disorder eða athyglisbrestur og ofvirkni. Einkenni geta verið eftirfarandi:

Einbeitingarskortur, lítið úthald í verkefnum, léleg tímastjórnun, slök skipulagshæfni, slök samskiptahæfni, hvatvísi, hreyfiofþvirkni, stjórnlausar

ADHD markþjálfari hjálpar skjólstæðingum sínum að skilja hvað ADHD er og hvernig ADHA hefur áhrif á frammistöðu þeirra í lífinu

hugsanir, erfiðleikar með að fara úr einu verkefni í annað, lélegt sjálfsmynd, vanmat eða uppgjöf.

Hvað er ADHD Markþjálfun?

ADHD markþjálfun er samvinna milli ADHD markþjálfara og skjólstæðings sem ætluð er til að hjálpa honum til að lifa áhrifaríkara og fyllra lífi með því að dýpka skilning, bæta frammistöðu og auka þannig lífsgæði og lífshamingju hans.

Í hverju felst hjálpin?

ADHD markþjálfari hjálpar skjólstæðingum sínum að skilja hvað ADHD er og hvernig ADHA hefur áhrif á frammistöðu þeirra í lífinu. Auk þess hjálpar ADHD markþjálfinn skjólstæðingi sínum að skipuleggja sig, að setja sér markmið til að hann geti eignast fyllra og hamingjuríkara líf og hvetur hann áfram. Markþjálfun hjálpar einstaklingum með ADHD að vinna að

markmiðum sínum og hrinda úr vegi fyrirstöðum í lífinu með því að vinna á algengum ADHD vanda eins og tímastjórnun, skipulagsleysi og lélegri sjálfsmynd og öðlast þannig skýrari hugsun til að starfa á áhrifaríkari hátt.

ADHD markþjálfun hjálpar skjólstæðingum

- Að skilja að erfiðleikar hans eru vegna ADHD en ekki vegna þess að hann er ófullkominn.
- Að vinna á algengum ADHD vanda eins og tímastjórnun, skipulagsleysi og lélegri sjálfsmynd
- Að skoða vandlega þá þætti sem skjólstæðingurinn þarf að taka sig á um og bæta.
- Að styrkja sjálfsvitund sína og færni til sjálfsskoðunar og bæta þar með ákvarðanatöku og frammistöðu.
- Að vinna með frestunaráráttu og fullkomunaráráttu.
- Að verða meðvitaðri um hvaða aðferðir hann þarf að nota til að læra og vinna og hvaða leiðir hann þarf að bæta til að ná góðri frammistöðu á því sviði.
- Að standa með sjálfum sér og tjá sig um þarfir sínar, og setja sér mörk.
- Að hjálpa skjólstæðingi með ADHD að taka ábyrgð á sjálfum sér



Nína Nílsdóttir hefur unnið að heimaþjónustu með hléum í 20 ár

Alzheimernáam félagsliða hafið

Sýna sjúklingum **virðingu, samkennd og þolinmæði** - segir Nína Nílsdóttir, félagsliði

Fjölmennur hópur félagsliða hóf framhaldsnám í umönnun alzheimersjúklinga í byrjun september. Vinna við undirbúning námsins hófst sl. vor.

Við heimsóttum nemendurna í Gamla Stýrimannaskólanum við Öldugötu og ræddum við Nínu Nílsdóttur, flokksstjóra í heimaþjónustu hjá Félagsmiðstöðinni í Bólstaðarhlíð.

Ég var sextán ára þegar ég byrjaði að vinna í heimaþjónustu og hef unnið við hana með hléum í tuttugu ár, sagði hún. En fyrir fjórum árum var ég ráðin í fullt starf og þegar mér bauðst að fara í félagsliðanámið ákvað ég að slá til og útskrifaðist sl. vor.

Nína segist ekki sjá eftir þeim tíma sem fór í námið vegna þess að það hafi gagnast henni mjög vel í starfi sínu hjá heimaþjónustunni. Þegar ég sá þetta

framhaldsnám auglýst hringdi ég strax og lét skrá mig. Námið byrjaði í september og því lýkur í desember. Við erum í skólanum á miðvikudögum frá klukkan eitt til fjögur og nemendur sem sækja kennslustundir í vinnutíma fá greidd full laun, segir hún.

Aðspurð um námsefnið segir Nína að það fjalli um einkenni og líðan sjúklinga með heilabilun og að sérstaklega sé fjallað um fólk með alzheimer. Þá höfum við rætt um líðan aðstandenda og hvaða þjónustu þeir og sjúklingarnir vilja fá.

Framundan í náminu eru vettvangsferðir á dagdeildir og hjúkrunarheimili og á fleiri staði sem þjónusta fólk með heilabilun. Síðan verða gerðar úttektir á þessum ferðum og niðurstöðurnar kynntar fyrir hópnum.

Þegar Nína er spurð hvort að hún hafi

umgengist fólk með alzheimer, segir hún að amma sín sé með sjúkdóminn. Ég vann líka á heilabilunardeild á Hrafnistu í rúmt ár og í starfi mínu núna hitti ég reglulega fólk með alzheimer.

Samskiptin við ömmu og sjúklinga á Hrafnistu hafi kennt mér að sýna þessu fólki virðingu, samkennd og þolinmæði. Svo er líka nauðsynlegt að hvetja alzheimersjúklinga til þess að halda áfram að sinna áhugamálum sínum vegna þess að þá líður þeim mun betur, sagði Nína að lokum.

Nauðsynlegt að hvetja alzheimersjúklinga til þess að halda áfram að sinna áhugamálum sínum

Viðtöl á trúnaðarmannanámskeiði

Veruleg kjarabót náist fyrir launafólk

- segir Stefán Hjaltalín Kristinsson



Stefán Hjaltalín Kristinsson, byggingamaður hjá Einingaverksmiðjunni að Breiðhöfða 10 var kosinn trúnaðarmaður Eflingarfélaga á vinnustað sínum síðastliðið sumar. Það kom mér á óvart á námskeiðinu, segir Stefán að talsverð umræða var um brot atvinnurekenda á ýmsum réttindum gagnvart launafólki og einnig hversu algengt það er á almennum vinnumarkaði.

Ég vona að umræða um að koma í veg fyrir slík brot verði tekin upp í samningaviðræðum um nýja kjarasamninga sem og að veruleg kjarabót náist fyrir launafólk, sagði Stefán að lokum.

Svo var mjög fróðleg umfjöllun um félagið og hvernig best sé að afla sér upplýsinga í erfiðum málum sem upp geta komið á vinnustaðnum, segir hann.



Mannsæmandi laun

- segir Birna Lárusdóttir

Birna Lárusdóttir vinnur á Hlein, sambylí á Reykjalundi og var kosin trúnaðarmaður síðastliðið vor. Hún

segir að leiðbeinendur á námskeiðinu hafi staðið sig mjög vel og þátttakendurnir hafi meðtekið margskonar fróð-

leik á skömmum tíma, sem muni nýtast vel í starfi trúnaðarmanns.

Nokkrir þátttakendur voru með okkur af erlendum uppruna og það hafi verið mjög jákvætt að hafa þá í hópnum. Þegar Birna er spurð um væntingar til næstu kjarasamninga, segist hún vona að lægstu launaflokkarnir verði hækkaðir hlutfallslega mest.

Sú staðreynd liggur fyrir að fólk getur ekki lifað mannsæmandi lífi af þeim launum sem þar eru í boði og á því þarf að verða breyting, sagði Birna ákveðin á svipinn.

Fyrsta trúnaðarmannanámskeiðið af mörgum sem verða haldin á vegum Eflingar í vetur lauk þann 28. september sl. Námskeiðið var haldið í fræðslusetri Eflingar í Sétúni 1 og var þátttaka mjög góð. Fréttablað Eflingar náði tali af tveimur ánægðum þátttakendum eftir árangursríkt námskeið. Námsfnið fjallar um launamál, orlofsmál, fræðslumál, sjúkrasjóðinn og önnur réttindamál sem skipta miklu máli.

1. janúar 2008 lækkar félagsgjaldið

Félagsgjaldið verður 0,7%

Þann 1. janúar 2008 kemur til framkvæmda samþykkt Eflingar-stétt-

arfélags um lækkun félagsgjalds en aðalfundur félagsins ákvað að lækka

félagsgjaldið frá þessum tíma. Á næsta ári lækkar því félagsgjald samkvæmt öllum kjarasamningum félagsins, hvort sem er á almenna markaðnum eða þeim opinbera úr 1% í 0,7%.

Mikil aðsókn á lesblindunámskeið

Fjórtándi hópurinn farinn af stað



Þann 8. nóvember síðastliðinn voru 15 nemendur útskrifaðir af lesblindunámskeiði hjá Mími-símenntun. Námskeiðið ber yfirskriftina Aftur í nám og er byggt á Ron Davids aðferðinni sem er beitt til þess að ná tökum á lesblindu. Þetta er þrettándi hópurinn sem klárar námið og afhenti Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar nemendum viðurkenningarskjöl, því til staðfestingar. Mikil aðsókn er á þessi námskeið sem eru fyrir einstaklinga með lestrar- og skriftarörðugleika og fjórtándi

hópurinn er farinn af stað og útskrifast 20. desember nk. Á vorönn 2008 verða svo þrjú námskeið í boði og hefst það

fyrsta 8. janúar. Biðlistinn er langur en stefnt er að því að allir sem hafa látið skrá sig komist að á vorönninni.

Mikil aðsókn er á þessi námskeið sem er fyrir einstaklinga með lestrar- og skriftarörðugleika

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Vinnustaðaheimsóknir Starfsafls og Eflingar

Þær voru hressar stelpurnar hjá Fönn og sýndu þjónustu Starfsafls mikinn áhuga

Vika símenntunar er nýliðin með margvíslegum viðburðum til að minna á gildi símenntunar fyrir atvinnulífið, bæði fyrirtæki og starfsmenn. Starfsafl heimsótti fjölmarga vinnustaði á félagssvæði Eflingar. Með í för voru fræðslustjóri Eflingar, Atli Lýðsson, og námsráðgjafar Mímis símenntunar, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Hrafnhildur Yrsa Georgsdóttir auk nokkurra nema í námsráðgjöf sem komu með í nokkrar heimsóknir.

Mjög vel er búið að starfsfólki Samskipa og ljóst að Auður fræðslustjóri ætlar að láta verkin tala í vetur og gera veg fræðslu sem veglegastan í fyrirtækinu

Fönn áhugasamt um starfsfræðslu

Framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri Starfsafls heimsóttu Fönn og byrjuðu á að ræða símenntunarmál við framkvæmdastjóra Fönn, Ara Guðmundsson, sem tók vel á móti Starfsaflsfólki. Ari hefur sýnt fræðslumálum mikinn áhuga í fjölda ára og átti þátt í að koma á námskeiðshaldi fyrir sitt fólk, sérstaklega að starfi efnalauga. Áhugi er á að endurvefja það nám í einhverju formi í framtíðinni.

Að því loknu heimsótti Starfsafl kaffistofu starfsmanna, gengu á milli borða og spjölluðu við starfsmenn og kynntu þjónustu Starfsafls. Var Starfsaflsfólki alls staðar vel tekið.

Öflugt fræðslustarf hjá Samskipum

Samskip, Starfsafl, Efling og Mímir stóðu fyrir kynningu á símenntun og námsráðgjöf á vinnustöðum í viku símenntunar í aðstöðu Samskipa við Kjalarvog. Margir starfsmenn nýttu sér að tala við fulltrúa símenntunar og fá leiðbeiningar um möguleika á menntun.

Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri

Samskipa, hafði auglýst viðburðinn vel. Starfsafl, Efling og Mímir voru í fundarsal beint á móti aðalinngangi mötuneytis Samskipa og dreifðu bæklingum og ræddu við starfsmenn. Auður setti ýmis þankakorn um gildi símenntunar á borð starfsmanna og á vegg. Margir

nýttu sér aðganginn að starfsmönnum Starfsafls, Mímis og Eflingar og tókt kynningin í alla staði vel.

Mjög vel er búið að starfsfólki Samskipa og ljóst að Auður fræðslustjóri ætlar að láta verkin tala í vetur og gera veg fræðslu sem veglegastan í fyrirtækinu.



Góður aðbúnaður einkennir aðstöðu starfsmanna Samskipa. Í viku símenntunar voru ýmis þankakorn um gildi símenntunar á borðum starfsmanna í mötuneyti



Helga Ösp með 5 mánaða dóttur sinni

Sjálfstraustið eykst með náminu

-segir Helga Ösp Jóhannsdóttir, leikskólakennari og fyrrum félagsmaður Eflingar

Eftir að ég lauk námi í Grunnmenntaskólanum hjá Eflingu vorið 2003 langaði mig að læra meira og ákvað að sækja um leikskólakennaranám við Kennaraháskóla Íslands og komst inn. Námið tók þrjú ár og var bæði erfitt og skemmtilegt. Og var ekki laust við að ég saknaði þess fyrstu mánuðina eftir að ég útskrifaðist í júní 2006, segir Helga Ösp Jóhannsdóttir, leikskólakennari og fyrrum félagsmaður Eflingar. Fréttablað Eflingar hefur fylgst með Helgu allt frá því hún hóf nám að nýju eftir hlé og líf hennar er skemmtilegt dæmi um hvernig starfsmenn geta þróað sig áfram með námi og starfi.

Ég vann á leikskólanum Vesturborg, segir Helga, þegar ég sótti um í KHÍ og sagði m.a. í umsókninni að ég væri orðin tuttugu og fimm ára, hefði mikinn áhuga og reynslu í vinnu með börnum og líka að ég myndi skila mér út í starfið eftir námið. Þess vegna ætti ég fullt erindi í skólann þó að ég væri ekki með stúdentspróf. Ég lét þess líka getið að mig langaði til að sérhæfa mig meira og námið mundi skila sér þegar ég hæfi aftur störf á leikskóla. Það er mjög

mikilvægt að leikskólakennarar fari til starfa á leikskólana eftir að hafa lokið námi og ég er sannfærð um að þessi hluti umsóknarinnar hafi haft áhrif á að ég komst í skólann á þeim tíma, segir hún.

Helga segir að námið hafi oft verið mjög erfitt og þegar hún varð ófrísk á öðru ári í skólanum hafi oft hvarflað að sér að gefast upp. En með góðri aðstoð fjölskyldu sinnar hafðist þetta og ég er afskaplega hamingjusöm yfir því, segir hún.

Helga segir að ellefu ára dóttir hennar hafi sýnt náminu mikinn áhuga og hún sé ákveðin í að fara í MH og læra leiklist þegar hún hefur aldur til. Ég held að þessar hugleiðingar hennar bendi til þess að börn sem fá að taka þátt í námi foreldra sinna, upplifi nauðsyn þess að mennta sig til þess að eiga meiri möguleika í lífinu.

Hún segir líka að námsgreinarnar í Grunnmenntaskólanum hafi komið að góðum notum og tímanum sem fór í námið hafi verið vel varið.

Útskriftin var mjög áhrifarík og augnablikið þegar hún tók við prófskrifteininu muni fylgja sér til æviloka.

Útskriftarhópurinn fór svo í útskriftarferð til Króatíu og hún hafi notað tímann til þess að hvíla sig eftir átökin í prófunum.

Þegar Helga er spurð hvor ekki hafi orðið breytingar á lífi hennar eftir að hún útskrifaðist segir hún að sjálfstraustið hafi aukist með náminu og með bættri sjálfsmynd eigi hún mun auðveldara með að takast á við verkefni dagsins. Svo fær maður aðeins meiri pening í budduna, segir hún. Helga eignaðist sitt þriðja barn, dóttur þann 27. júní sl. og er í fæðingarorlofi. En þegar því lýkur mætir hún aftur til vinnu á Vesturborg, öflugri en nokkru sinni fyrir.

Fréttablað Eflingar þakkar Helgu fyrir að leyfa lesendum blaðsins að fylgjast með sér á námstímanum. Hún er góð fyrirmynd fyrir þá sem vilja mennta sig og þróa sig í starfi.

Auðveldara með að takast á við verkefni dagsins



Happdrætti Gallupkönnunar

Kemur sér mjög vel

- segir Bryndís Halla Guðmundsdóttir

Guðmundur P. Jónsson 2. varaformaður Eflingar afhendir Bryndísi Höllu Guðmundsdóttur vinninginn. Með þeim á myndinni eru Halldóra Bjarnadóttir og Selma Antonsdóttir.

Allir félagsmenn sem tóku þátt í Gallup könnun Flóafélaganna í ágúst-mánuði á þessu ári fóru í happdrættispott hjá Gallup. Veglegir vinningar voru í boði hjá stéttarfélagunum og nú hefur Gallup dregið út vinningshafana. Bryndís Halla Guðmundsdóttir, sem starfar við umönnun á Múlabæ, hlaut aðalvinninginn að upphæð 100 þúsund krónur. Bryndís

Halla sagði að vinningurinn kæmi sér mjög vel og núna gæti hún látið verða af því að skipta um þvottavél.

Aðspurð hvaða væntingar hún hefði til könnunarinnar sagðist Bryndís Halla vona að hún ætti eftir að verða til þess að laun umönnunarstarfsmanna ættu eftir að hækka verulega og að meiri virðing verði borin fyrir þeim sem starfa við umönnun.

Vikudvöl í orlofshúsi að eigin vali hjá stéttarfélagunum hlutu þær Erika Steinmann sem starfar hjá Skógarbæ og Herborg Ellen Stefánsdóttir, sem starfar á leikskólanum Gimli í Keflavík.

Stéttarfélögin þakka öllum þeim félagsmönnum sem tóku þátt í launakönnuninni og óska vinningshöfum til hamingju með vinningana.

Fullt hús af hamingju
í Borgarleikhúsinu.....

Ekki missa af stanslausu fjöri!

Efling-stéttarfélag hefur sent út leikhúskortin vinsælu til félagsmanna Eflingar og þau fengið góðar viðtökur og fleiri og fleiri félagsmenn sem nýta sér menningarveislu leikhússins. Í vetur er framboðið afar fjölbreytt og spennandi. Ekki missa af stanslausu fjöri á nýju leikári. Kynntu þér miðaverð og tilboð á heimasíðu leikhússins www.borgarleikhus.is. Þar getur þú valið milli nýrra og eldri sýninga, séð gestasýningar, spýtukarla, söng, dans, drama, trúða, hrollvekju og ást. Stútfullt hús af eilífu fjöri og endalausri spennu!



Fáni Eflingar

Félagsfáni Eflingar-stéttarfélags var gerður 1998 á stofnári félagsins.



Fáni Eflingar á 1. kröfugöngunni 1. maí 1999



Borðfáni Eflingar

Merki Eflingar teiknaði Þorfinnur Sigurgeirsson hönnuður hjá Einn Tveir og Þrír Auglýsingastofu. Merkið er mjög sérstakt og sjálfstætt. Það er ekki á nokkurn hátt líkt gömlu merkjum stéttarfélaganna og ber vitni hugmyndaríkum höfundum sem ekki þarf að feta troðnar leiðir. Merkið minnir á fimm tinda kórónu sem ber tvö logandi blys. Litirnir frá rauðbrúnu í logagult skapa hreyfingu og dýpt. Horfi maður inn í merkið mynda tindar kórónunnar andlit sem öll horfa fram á veginn.

Fáninn er unninn hjá Silkiprenti, framhliðin eða fronturinn er úr fingerðum rauðum polyesterdúk með silki-áferð, fóðraður með hvítu og bryddaður að neðan með hvítu kögri. Liturinn er mýkri en í gömlu fánunum og fáninn er léttari og bjartari. Merkið nýtur sín vel á hreinum grunni.

Þetta er nýr fáni nýrra tíma og það hefur tekist mjög vel að skapa félags-tákn sem ekki er rígbundið eldri forskriftum.

Borðfánar sem Efling lét gera eru sérlega vandaðir, úr fallegu þykku hvítu silki með stífri millifóðrun. Borðfánarnir voru unnir í Fjölprenni og á þeim er snilldarhandbragð þeirra Guðrúnar Jónsdóttur og Ólafar de Bont.



Er HREINT hjá þínu fyrirtæki?

Hreint býður upp á ókeypis ráðgjöf

Hreint ehf. var stofnað árið 1983 og er eitt elsta og stærsta ráðgjafar fyrirtæki landsins.



Auðbrekku 8, 200 Kópavogi, sími 554 6088, hreint@hreint.is, www.hreint.is



Árangursríkir

Fundir með útlendingum

Í haust hefur Efling stéttarfélag staðið fyrir nokkrum fundum með erlendum félagsmönnum og eru þessir fundir í beinu framhaldi af fundunum síðasta vetur en þá voru haldnir fjölmennir fundir með nokkrum hópum útlendinga til að kynna þeim

helstu kjara- og réttindamál samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum.

Fyrirkomulagi er þannig háttað að sent er bréf til hóps erlendra félagsmanna t.d. 100-150 félagsmanna á móðurmáli þeirra þar sem þeim er boðið á fund að

kvöldi til í húsnæði Eflingar og fer þar fram kynning á réttindum og skyldum á íslenskum vinnumarkaði á tungumáli viðkomandi.

Hafa fundirnir verið m.a. á pólsku, ensku og litháensku og með spjalli á eftir hafa þeir staðið í um tvær klukkustundir

Hafa mætt 30-60 félagsmenn á hvern fund og síðan eru tveir til þrír starfsmenn til að svara fyrirspurnum og tveir túlkar.

Hefur þetta gefist mjög vel og greinilegt að þessir fundir hafa spurst út meðal félagsmanna.

Í fyrstu var reynt að setja upp auglýsingar í fyrirtækjum og á stöðum sem erlendir félagsmenn sóttu en það gafst ekki vel en eftir að farið var að senda bréf á hvern og einn er mæting öll önnur.

Það er mjög mikilvægt að erlendir félagsmenn okkar þekki réttindi sín og standi á þeim svo þeir njóti allra réttinda samkvæmt kjarasamningum. Það er markmið þessara funda að upplýsa og fræða.

Sendum félögum Eflingar-stéttarfélags og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.
Smiðjuvegi 14, Kópavogi

Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík

Borgarbyggð

Eining - lðja, Akureyri

Ernst & Young hf., Ármúla 6, Reykjavík

ET verslun ehf., Klettagörðum 11, Reykjavík

Falleg gólf ehf., Nesbala 25, Seltjarnarnesi

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

Faxaflóahafnir

Félag íslenskra hljómlistarmanna

Félag leiðsögumanna

Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut, Reykjavík

Félagsþjónusta Kópavogs, Fannborg 4, Kópavogi

Haki ehf., Þiljuvöllum 10, Neskaupsstað

Hampiðjan hf., Flatahrauni 3, Hafnarfirði

Höldur ehf - Bílaleiga Akureyrar, Skeifunni 9,
Reykjavík

Ísloft, blikk- og stálsmiðja,
Bildshöfða 12, Reykjavík

Landssamband íslenskra verslunarmanna

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Ottó B. Arnar ehf., Skipholti 17, Reykjavík

Seltjarnarneskaupsstaður

Símenntun, rannsóknir - og ráðgjöf KHÍ,
Boltholti 6, Reykjavík

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Sjómannasamband Íslands

Smur- bón- og dekkjaþjónustan sf.
Sætúni 4, Reykjavík

Stéttarfélagið Samstaða, Blönduósi

Verkalýðsfélag Akraness

Verkalýðsfélag Stykkishólms

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Verkalýðsfélagið Boðinn, Hveragerði

Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði

Vinabær, Skipholti 33, Reykjavík

Vísir hf., Hafnargötu 16, Grindavík



Vinnustaðaheimsóknir Starfsafls og Eflingar

Mikið var spurt um möguleika á náms- og starfsráðgjöf í heimsókninni til Vífilfells. Hrafnhildur Yrsa námsráðgjafi stendur hér við borð í mótuneytinu þar sem námsráðgjafar og nemar þeirra höfðu aðstöðu

Myllan-brauð með sérstakan starfsmannaskóla

Starfsmenn Starfsafls heimsóttu starfsmenn Myllunar-brauðs til að kynna þjónustu sína, bæði fyrir fyrirtækið og starfsmenn. Starfsafl kynnti þjónustu sína m.a. einstaklingsstyrki og áttu spjall við starfsmannastjóra, Helgu B. Helgadóttur, um styrki til fyrirtækja. Heimsóknin var mjög skemmtileg og fróðleg í alla staði. Myllan hefur verið

mjög framarlega í starfsmannafræðslu m.a. sett á stofn sérstakan starfsmannaskóla, Mylluskólann.

Starfsmenn Starfsafls heimsóttu kaffistofu starfsmanna og spjölluðu við starfsmenn og kynntu þjónustu Starfsafls. Var þeim alls staðar vel tekið. Starfsafl naut aðstoðar pólsks túlks, Stanislaws Bukowski, sem kláraði hlutverk sitt með glæsibrag. Starfsmenn Myllunar þurftu margs að spyrja og sýndu þjónustu

Starfsafls mikinn áhuga.

Starfsmenn Myllunar koma víða að og kynntu sér úthlutunareglur Starfsafls á ýmsum tungumálum.

Vífilfell með auknar áherslur á starfsmenntun

Vífilfell var heimsótt í viku símenntunar. Þar er tekinn við nýr starfsmannastjóri, Anna María Pétursdóttir, sem hefur sýnt þjónustu Starfsafls mikinn áhuga. Má þar nefna að Vífilfell er eitt af fyrirtækjunum í tilraunaverkefni Starfsafls, Eflingar o.fl. um starfsmannaráðgjöf vegna nýliða í fyrirtækjum. Það verkefni er farið af stað eftir góðan undirbúning allra samstarfsaðila.

Í heimsókn Starfsafls, Eflingar og Mímis var mótuneyti starfsmanna heimsótt og rætt við starfsmenn um möguleika þeirra á einstaklingsstyrkjum. Starfsmenn Vífilfells sýndu þjónustu Starfsafls mikinn áhuga sem og möguleikum þeirra til námsráðgjafar hjá Mími.

Starfsafl þakkar starfsmannastjórum og starfsfólki allra þessara fyrirtækja fyrir frábærar móttökur.





Hafnarstræti

Rebslagerbane, Strandgata og Hafnarstræti

Sú var tíð að götuslóði lá meðfram fjörukambinum frá Læknum að Grófinni, þessi slóði var síðar kallaður Rebslagerbanen upp á dönsku vegna þess að þegar Innréttingarnar voru komnar vel á veg um 1751, þá var byggt kaðlagerðarhús við þennan stíg. Húsið var kallað Rebslagerhuset og stígurinn tók nafn eftir því.

Síðar þegar stígurinn er orðinn að götu með húsum og mannvirkjum þá er breytt um nafn og heitir þá Strandgata.

Bugðan á Hafnarstræti er vegna þess að það fylgdi fjörukambinum, það gat aldrei orðið beint eins og Austurstrætið sem einu sinni hét Langefortov.

Hafnarstræti hét Strandgata

Þessi fallega mynd sem hér birtist er einmitt frá þeim tíma sem Hafnarstrætið heitir Strandgata. Þetta er eftirprentun af málverki dr. Jóns Helgasonar, biskups. Jón Helgason var kennari, doktor í guðfræði, prestur og síðan biskup. Með sínum margvíslegu ábyrgðarstörfum var hann afkastamikill málari og teiknari og myndir hans af gömlu Reykjavík eru ómetanlegar. Mikið af verkum hans eru í Þjóðminjasafninu. Þar eru t.d. teikningar hans af velflestum kirkjum á landinu í hans tíð.

Flensborgarhúsið

Bláa stóra húsið var kallað Flensborgarhús. Upphaflega voru nokkur hús á lóðinni og í þeim var verslun kaupmanna frá Flensborg á árunum 1793 – 1853. Moritz Biering eignaðist verslunina 1850 og kom húsinu í það horf sem á myndinni sést. Hann fórst árið 1857 og þá keyptu kaupmennirnir Siemsen og Knudtson húsið og gáfu það Reykjavíkurbæ til þess að þar mætti vera barnaskóli.

Barnaskóli Reykjavíkur var síðan endurreistur í þessu húsi 1860 og haldinn þar til 1883 en þá var húsið rífið og nýr barnaskóli reistur á lóðinni. Síðar var þar Lögreglustöð Reykjavíkur og það hús stendur enn á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis.

Hafnarstræti og Thomsens magasin

Um og fyrir aldamótin 1900 er Hafnarstrætið helsta verslunargata bæjarins og það er þar sem viðskiptalífið er margbreytilegast. Þarna voru stærstu verslanirnar. Edinborg var í Hafnarstræti 8-10, Bryde í Hafnarstræti 1-3 en langstærst og fyrirferðarmest var Thomsens magasin sem hafði lagt undir sig austasta hluta götunnar og verslaði með allt mögulegt í mörgum húsum og deildum.

Aðalbyggingin og sú glæsilegasta snéri framgafla að Lækjartorgi og hér er mynd af útifundi á Lækjartorgi 1952 og þá stóð þetta stóra timburhús þar enn og var kallað Hótel Hekluhúsið. Þetta var dularfullt hús með mörgum herbergjum og hálfðimmum göngum og Ólafur Gunnarsson rithöfundur hlýtur að hafa haft þetta hús í huga þegar hann skrifaði Vetrarferðina.

Myndin er tekin á fjölmönnum útifundi í desember 1952 en þá háðu verkalyðsfélögin langt verkfall og erfitt. Það stóð frá 1. desember og lauk þann 19. sama mánaðar.

Um og fyrir aldamótin 1900 er Hafnarstrætið helsta verslunargata bæjarins og það er þar sem viðskiptalífið er margbreytilegast



Fjöldmennur útifundur í desember 1952

Krafist var launahækkunar, lengingu orlofs í 3 vikur og þung áhersla var lögð á atvinnuleysistryggingar. Það tók 3 ár í viðbót og 6 vikna verkfall 1955 til að ná þeim árangri.


Hafnarstræti 1914-1920

Myndina tók Friðrik Steindórsson 1978 af mynd sem Eimskipafélagið átti. Heimildum ber ekki saman um ártalið. Friðrik gaf skjalasafni Dagsbrúnar þessa mynd í febrúar 1987.

Tveggja hæða húsið á miðri mynd er Hafnarstræti 21. Þar stofnaði Jes Zimsen sína verslun og lét byggja bryggju sem bar hans nafn. Jes var bróðir Knud Zimsen borgarstjóra.

Þetta hús var beint á móti Hekluhúsinu. Þar var Borgarbílastöðin í 55 ár. Vöruhús Jes Zimsen hélt velli langt fram á tuttugustu öldina. Húsið var flutt vestur í Örfirisey og er enn hægt að sjá það þar. Siemenshús stóð austur í götunni og var eldra, byggt 1840, er löngu

horfið. Á síðari tímum hefur skyldleiki þessara nafna Zimsen og Siemen ruglað marga í ríminu og komið fyrir að menn hafa haldið þetta eitt og sama húsið en það var nú aldeilis ekki svo. Siemenshúsið var byggt 1840 og þótti eitt allra finasta húsið í bænum. Við það var viðbygging sem Lækurinn rann í gegnum. Mynd af austurenda Siemenshússins var birt í síðasta blaði Eflingar ásamt kalkofninum.





Barmmerki

Tekur tíma að læra nýtt tungumál

Umræðan um íslenskukunnáttu innflytjenda á Íslandi hefur verið hávær í haust. Sérstaklega hefur vakið athygli umræða um íslenskukunnáttu erlendra starfsmanna í verslunum landsins. Kom-ið hefur fram óánægja með hraða þróun, þar sem afgreiðslufólki hefur fjölgað sem talar ekki íslensku. Nú hafa Alþjóðahúsið, ASÍ, Efling, Samtök verslunar og þjónustu og VR tekið höndum saman og búið til barmmerki með ýmsum skilaboðum.

Barmmerkjunum er ætlað að minna á að það tekur tíma að læra nýtt tungumál, að það verður að sýna þolinmæði og jákvæðni og hvatning sakar ekki. Jafnframt er minnt á að íslenskan er jafnvel erfið þeim sem eiga hana að móðurmáli, þannig að fólk þarf að sýna þeim skilning sem eru að setjast að á Íslandi og byrja að læra.

Það eru 300.000 íslenskukennarar á Íslandi. Nágrannar, vinnufélagar, bekkjarfélagar, viðskiptavinir, sessunautar og

aðrir geta hjálpað til í íslenskunáminu. Allir geta lagt eitthvað af mörkum.

Ábendingar til fólks:

- Ekki tala ensku að fyrra bragði, tala íslensku nema að viðkomandi biðji um annað.
- Gefa sér tíma til að hlusta og eiga samræður á íslensku, þó að viðmælandi hafi takmarkaðan orðaforða eða tali hægt.
- Ef viðmælandi skilur ekki hvað þú ert að segja, þá er ráð að endurtaka og tala aðeins hægar eða að breyta um orðalag og nota einfaldari orð.

- Það er ráð að nota frekar beina orðræðu til þeirra sem eru að læra tungumálið, án þess að nota barnamál.

Barmmerkin eru með sex mismunandi áletrunum:

- „Ég er að læra íslensku.“
- „Hvernig fallbeygirðu kýr?“
- „Íslenska er mínar ær og kýr.“
- „Tölum saman.“
- „Kenndu mér að...“
- „Er íslenska ekkert mál?“
- „Ég tala fimm tungumál.“
- „Ég tala smá íslensku.“

Barmmerkjunum verður dreift til aðildarféлага ASÍ og aðildarfyrirtækja Samtaka verslunar og þjónustu um allt land og til símenntunarmiðstöðva. Þá verður hægt að hafa samband við Alþjóðahúsið, ASÍ, Eflingu eða VR til að fá merki.

Fólk þarf að sýna þeim skilning sem eru að setjast að á Íslandi og byrja að læra

Gefum íslenskt um jólin!

- Lopi
- Húfur
- Treflar
- Sokkar
- Vettlingar
- Ullarteppi
- Ullarnærföt
- Lopapeysur
- Gærur og skinn



Laugavegi 1 Reykjavík



Alafossvegi 23 Mosfellsbæ



ÁLAFOSS

Sími: 566 6303 - www.alafoss.is

Opið í Mosfellsbæ virka daga frá 9:00 - 18:00
og laugardaga frá 9:00 - 16:00

Á Laugavegi virka daga frá 10:00 - 18:00
og laugardaga frá 11:00 - 16:00

Pökkum
viðskiptin
á árinu



Hæstiréttur **snéri við dómi** Héraðsdóms

Kröfu á hendur félagsmanni Eflingar-stéttarfélags um endurheimtu ofgreiddra launa hafnað

Í apríl 2002 óskaði atvinnurekandi eftir því með bréfi að bankinn L millifærði inn á launareikning tveggja starfsmanna samkvæmt launaskilagreini fyrirtækisins. Vegna mistaka gjaldkera voru kr. 121.314 í stað 27.242 kr. færðar á launareikning annars starfsmannsins þannig að ofgreitt var inn á reikninginn kr. 94.072.- Með bréfi til bankans í byrjun október 2004 eða tveimur og hálfu ári eftir ofgreiðsluna, bað atvinnurekandinn bankann um að leiðrétta mistökin. Bankinn féllst á það, leiðrétti mistökin og skuldfærði af eigin reikningi til atvinnurekandans viku síðar. Launamanninum var sent innheimtubréf frá bankanum snemma í júní 2005 og þar greint frá því að mistök hefðu átt sér stað af hálfu bankans í apríl 2002 og hann hafi þá fengið ofgreiddar 94.072 kr. inn á reikning sinn. Þess var óskað að hann endurgreiddi bankanum upphæðina. Launamaðurinn andmælti kröfunni

Með bréfi til bankans í byrjun október 2004 eða tveimur og hálfu ári eftir ofgreiðsluna, bað atvinnurekandinn bankann um að leiðrétta mistökin

og höfðaði þá bankinn mál á hendur launamanninum til greiðslu hennar. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti fylgdu með ástamt kröfu um málskostnað, hvort tveggja rökstutt með lögum. Málinu lyktaði þannig í héraðsdómi að bankinn vann málið en tapaði því síðan í hæstarétti. Þetta er athyglisvert mál bæði fyrir launamenn og atvinnurekendur og sýnir glöggst hver staðan er þegar um ofgreiðslu launa er að ræða og áhrif tómlætis í vinnurétti. Þetta mál er rakið hér á eftir.

Málsástæður launamannsins

Launamaðurinn tefldi fram ýmsum rökum til stuðnings þeirri kröfu hans að sýkna bæri hann af kröfum bankans. Var m.a. byggt á því að ef um ofgreiðslu hefði verið að ræða yrði að líta svo á að atvinnurekandinn hefði samþykkt í verki að laun til hans væru rétt. Ennfremur benti launamaðurinn á að hann hafi ávallt verið í góðri trú um að hann væri að fá þau laun greidd sem honum hefði borið réttur til þann tíma sem hann starfaði hjá fyrirtækinu og eftir að störfum lauk, ef frá væri talin sú staðreynd að hann hafi leitað ítrekað eftir leiðréttingu launa sinna til hækkunar vegna vangreiddra launa á rauðum dögum og vegna ferða. Hann hafi verið við störf í öðru landi á vegum fyrirtækisins og fengið laun sín greidd inn á banka-reikning á Íslandi. Launaseðlar hafi ekki verið afhentir, heldur hafi þeir verið

sendir á heimilisfang hans á Íslandi. Enginn fyrirvari hafi verið gerður af hálfu atvinnurekandans við starfslok og engum mótbárum í þessa veru hafi nokkurn tíma verið hreyft af hálfu fyrirtækisins. Atvinnurekandanum hafi borið að hafa í frammi mótbáur án tafar. Ágreiningur vegna starfsloka og starfa stefnda hjá fyrirtækinu hafi verið til lykta leiddur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli sem launamaðurinn hafi höfðað á hendur atvinnurekandanum þar sem atvinnurekandinn hafi verið dæmdur til greiðslu vangoldinna launa og launa á uppsagnarfresti. Þar sem hann hafi verið í góðri trú sé samkvæmt reglu kröfu- og vinnuréttar hvorki um að ræða endurheimturétt af hálfu atvinnurekandans né bankans, enda geti bankinn ekki unnið betri rétt á hendur sér heldur en atvinnurekandinn teldist hafa. Loks var á það bent að jafnvel þótt talið yrði að fyrir hendi væri endurheimturéttur þá væri sá réttur fallinn niður sökum tómlætis. Krafa um endurgreiðslu ofgreiddra launa hafi fyrst verið sett fram með innheimtubréfi bankans um miðjan júní 2005 eða rúmum þremur árum eftir greiðslu launanna.

Niðurstaða héraðsdóms

Héraðsdómur dæmdi bankanum í vil og kom fram í dómnum að um augljós mistök hafi verið að ræða af hálfu bankans, sem síðar voru leiðrétt. Samkvæmt því gæti launamaðurinn ekki byggt á því að hann hafi verið í góðri trú um það að greiðsla þessi hafi verið réttmæt launagreiðsla til hans eða að atvinnurekandinn hafi í raun samþykkt að um væri að ræða rétt laun til hans. Var ekki talið að bankinn hafi fyrirgert endurkröfurétti sínum á hendur stefnda sökum tómlætis, en til þess var þó litið við ákvörðun upphafstíma dráttarvaxta og málskostnaðar, að verulegur dráttur varð á innheimtu kröfunnar.

Í héraðsdómi var því endurgreiðslukrafa bankans á hendur launamanninum tekin til greina og hann dæmdur til að endurgreiða umkrafða fjárhæð en málskostnaður var felldur niður. Þá voru dráttarvextir dæmdir frá júlí 2005 er mánuður var liðinn frá því að innheimtubréf var sent.

Dómur Hæstaréttar

Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að frá þeirri meginreglu að þeir sem fyrir mistök fái greidda peninga sem þeir eiga ekki rétt á skuli endurgreiða þá, yrði að

gera undantekningar eftir því hver atvik væru að ofgreiðslunni og endurkröfu hennar.

Í þessu tilviki væri um að ræða launagreiðslu til launamanns og hefðu móttakendur launa ríka hagsmuni af því að launauppgjör væru endanleg. Þá hlyti viðkomandi atvinnurekandi þegar eftir að greiðslan fór fram, að hafa haft undir höndum upplýsingar um að mistök hefðu átt sér stað, en hann ekki gert athugasemdir við launamanninn. Þá var

ekki talið sýnt fram á að launamanninum hefði mátt vera ljóst að ofgreitt hefði verið inn á reikning hans og jafnframt vísað til þess að meira en þrjú ár hefðu liðið frá því að mistökin áttu sér stað þar til bankinn gerði reka að því að endurkrefja um fjárhæðina.

Með hliðsjón af þessu öllu var launamaðurinn sýknaður af kröfu bankans og bankinn dæmdur til greiðslu málskostnaðar á báðum dómstigum.

Skrifstofa Eflingar

Viðtalstímar lögmanns

Lögmaður Eflingar-stéttarfélags er til viðtals á skrifstofu félagsins á þriðjudögum milli 13.00-16.00. Það er Karl Ó. Karlsson frá lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar sem sér um viðtalstímana. Ekki þarf að panta tíma fyrirfram. Það nægir að mæta á skrifstofuna á þessum tíma.



Karl Ó. Karlsson



Hefur þú áhuga á vinnu í góðum félagsskap?

Okkur vantar fleiri hendur til að hlúa að heimilisfólkinu okkar. Kynntu þér málið og hafðu samband við Magneu í síma 585 9529 eða magnea@hrafnista.is

Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is

Gefandi ströf með góðu fólki



HRAFNISTA



Þessi hópur lauk 1. önn í félagsliðanámi

Stórir dagar í nóvember!

Margir að útskrifast úr námi hjá Eflingu

Margir Eflingarfélagar eru að ljúka námi af ýmsu tagi nú í nóvember. Þær útskriftir sem félagsfólk Eflingar hefur verið að taka þátt í síðustu daga hafa allar verið mjög skemmtilegar og hóparnir ólíkir. Það eru því stórir áfangar

sem margir félagsmenn eru að upplifa þessa dagana og ástæða til að samfagna með þeim.

Útskrift úr fagnámskeiði I fyrir eldhús og mótuneyti hjá Menntaskólanum í Kópavogi var mjög hátíðleg og hélt

skólameistari MK, Margrét Friðriksdóttir, mjög hvetjandi og skemmtilega ræðu fyrir útskriftarnemana.

Hjá Mími var útskrift hjá Fagnámskeiði I í umönnun og aðhlyningu þar sem fjórir hópar eru að útskrifast en það



Útskriftarhópur af fagnámskeiði 1 í umönnun



Fjöldmennur útskriftarhópur af fagnámskeiði 1 í umönnun

er algjör metfjöldi og verður gaman að fylgjast með þeim stóra hópi áfram.

Á einni útskrift kom í ljós að fólk frá 11 löndum var í hópnum, svo sannarlega fjölbreyttur og skemmtilegur hópur!

Annarlok voru einnig hjá Félagsliðabruárnemendum í nóvember. Þarna voru tilvonandi félagsliðar að ljúka fyrstu önn og mikill hugur í öllum að halda áfram og klára námið sem fyrst.

Við hjá Eflingu viljum að sjálfsögðu

óska öllum útskriftarnemum innilega til hamingju með þá sigra sem þeir eru að vinna. Vonumst við til að hitta sem flesta áfram í tengslum við það öflugna námskeiðastarf sem Efling ásamt mörgum góðum samstarfsaðilum stendur fyrir.



Efling fékk Ingólf Hrafnkel Ingólfs-son, fjármálaráðgjafa hjá Spara.is til að halda námskeið í fjármálum heimilanna nú í október. Það er skemmst frá því að segja að í enn eitt skiptið var fullt á námskeiðið hjá Ingólfi. Hundruðir

félagsmanna hafa nú nýtt sér þetta námskeið til að læra hvernig hægt er að gera meira úr þeim fjármunum sem heimilið hefur úr að spila.

Það er ljóst að enn eru margir Eflingarfélagar sem hafa áhuga á að nýta sér

námskeið Ingólfs og mun Efling beita sér fyrir því að haldin verði fleiri námskeið um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn á næstu misserum.

Fræðslufundur félagsliða

Fullt út úr dyrum



Fullt var út úr dyrum á fræðslufundi félagsliða sem haldinn var á mánudagskvöldið 12. nóvember síðastliðinn. Á fundinn kom Björk Vilhelmsdóttir, nýr formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar. Þá flutti Sigurður Gunnsteinsson, ráðgjafi hjá SÁÁ erindi um áfengissýki á síðari hluta ævinnar. Fanney Friðriksdóttir, aðaltrúnaðarmaður Eflingar hjá Reykjavíkurborg fór yfir störf faghóps félagsliða á undanförunum mánuðum. Einnig fór Sigurrós Kristinsdóttir, 1. varaformaður Eflingar yfir framtíðarsýn umönnunarstarfa.

Björk Vilhelmsdóttir, nýr formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar fór yfir

Fanney Friðriksdóttir sagði að faghópur félagsliða hafi verið duglegur undanfarna mánuði við að minna á og auka virðingu fyrir félagsliðastarfinu

stefnu velferðarsviðs og hlutverki félagsliða innan þess hjá borginni. Björk nefndi að hún væri sérstaklega ánægð með að koma á fundinn og kom fram að hún ætti starfsreynslu að baki við störf í heimaþjónustu. Starf félagsliða býður upp á fjölbreytt verkefni og hjálpar fólki til þess að búa sem lengst heima, þó svo að það verði aldrei horft fram hjá mikilvægi hjúkrunarheimila. Björk sagði að meta þurfi umönnunarstörf sérstaklega og þar skipa félagsliðar stóran sess. Þeir sem einungis vinna dagvinnu í umönnunarstörfum geta ekki lifað af launum sínum í dag og því ætli Reykjavíkurborg áfram að skoða leiðir til að bæta kjör þessa hóps. Verið er að sameina þjónustu hjá ríki og sveitarfélögum. Störf in verða skipulögð á einni hendi og því auðveldara að stýra verkefnum betur þannig að störf félagsliða verði frekar miðuð að félagslegri þjónustu en minna að þrifum. Með nýrri gjaldskrá er stefnt að aðskilnaði þrifa og umönnunarþjónustu en þetta er enn í vinnslu í starfshóp á vegum borgarinnar. Þá er gert ráð fyrir að félagsliðar verði starfandi í nýrri

dagdeild fyrir heilabílaða sem verður í Blesugrófinni.

Flóknari vandi hjá eldra fólki

Í erindi Sigurðar Gunnsteinssonar, ráðgjafa hjá SÁÁ kom margt athyglisvert fram.

Hann greindi frá því að á síðustu árum hefði eldri einstaklingum fjölgað í meðferð, bæði fjöldi innlagna og fjöldi nýkomufólks. Neyslumynstur hefur breyst og er dagdrykkja orðin mun algengari. Vandinn er flóknari hjá þeim eldri. Afeitrunin er erfiðari í þessum hópi, þeir þurfa langan tíma og öðruvísi lyfjagjöf og eftirlit. Einnig nefndi Sigurður að neysla lyfja með áfengi væri stórt vandamál og að mikið væri um beinbrot sem bein afleiðing af neyslu áfengis og lyfja.

Eldra fólk á mjög erfitt með að koma í meðferð, er ekki tilbúið og telur að það sé orðið „of gamalt“. Andleg heilsa er oft á tíðum í molum hjá þessum einstaklingum. Þeir hafa einangrast frá fjölskyldunni, börnum og barnabörnum. Þekkingarleysi ástvina er einnig

algengt og mikið um afneitun.

Boðið er upp á sérstaka kvennameðferð sem hefur skilað góðum árangri. Nú býðst körlum sem náð hafa 55 ára aldri einnig sérmeðferð og er boðið upp á framhaldsmeðferð á Vík á Kjalarnesi í 4 vikur í beinu framhaldi.

Mikilvægt starf félagsliða

Fanney Friðriksdóttir sagði að faghópur félagsliða hafi verið duglegur undanfarna mánuði við að minna á og auka virðingu fyrir félagsliðastarfinu. Landlæknisembættið var heimsótt í apríl þar sem Anna Björg Aradóttir yfirhjúkrunarfræðingur og sviðsstjóri gæða- og lýðheilsuviðs tók á móti hópnum. Þetta var mjög góður fundur, þar sem aðilar voru sammála um mikilvægi félagsliða fyrir þá sem vilja búa sem lengst heima og stuðli að auknum lífsgæðum þessara einstaklinga.

Þá var farið af stað með framhaldsnám í alzheimer fyrir félagsliða í samstarfi við Hönnu Láru Steinsson. Mikil ásókn hefur verið í námið og komust færri að en vildu. Faghópurinn stefnir að uppbyggingu frekara framhaldsnáms fyrir félagsliða og kom fram hjá fundargestum að áhugi væri fyrir námi sem miðað væri fyrir þjónustu með geðfötluðum.

Í framhaldi af fundi sem faghópurinn hélt með Heilbrigðisráðuneyti í október síðast liðnum var sent formlegt bréf til ráðuneytisins þar sem óskað var eftir löggildingu fyrir starf félagsliða.

Sigurros Kristinsdóttir greindi frá því að um 200 manns hefðu lokið félagsliðanámi á vegum Eflingar og að nú væru



Sigurður Gunnarsson flutti áhrifamikla tölu um áfengisvanda eldra fólks

um 80 manns í náminu. Mun fleiri eru nú frá hjúkrunarheimilum í náminu, en áður höfðu starfsmenn frá Reykjavíkurborg verið í meirihluta.

Sigurros fór yfir þann möguleika hvort stofna ætti sér faghóp fyrir umönnunarstörf þar sem að félagsliðar væru innan þess hóps. Hún hvatti fundargesti til

þess að velja þessum möguleika fyrir sér. Þá var einnig farið yfir hönnun félagsliðamerkis.

Að lokum hvatti Sigurros alla til að leggjast á eitt að skapa hefðbundnum umönnunarstörf þann virðingarsess sem þau eiga sannarlega skilið.

Frá Sjúkrasjóði Eflingar

Útborgun fyrir jólin

Útborgun styrkja og dagpeninga í desember 2007 verður föstudaginn 21. desember n.k. Skila verður umsóknum og gögnum til Sjúkrasjóðs í síðasta lagi föstudaginn 14. desember til að ná útborguninni fyrir jól.

Næsta útborgun sjóðsins eftir það verður fimmtudaginn 31. janúar 2008.

Með bestu jóla- og nýárskeðjum og þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.
Stjórn og starfsmenn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags.



Reykjavíkurhöfn 90 ára

Lífæð lands og þjóðar

Sigurjón Jóhannsson,
leikmyndahönnuður,
Eyrarkarlinn og Eiríkur
Jörundsson, umsjónar-
maður sýningarinnar



Félagarnir Eiríkur og eyrarkarlinn á þilfari gamla gullfoss

Sjóminjasafn Reykjavíkur opnar sögu-sýningu þann 1. desember nk. sem ber yfirskriftina Reykjavíkurborg 90 ára, lífæð lands og þjóðar. Á sýningunni verður saga hafnarinnar rakin í máli og myndum frá því að framkvæmdir við hana hófust árið 1913. Þær stóðu yfir í fjögur ár og þann 17. nóvember 1917 var hún afhent Reykjavíkurborg og telst sá dagur því vera afmælisdagur Reykjavíkurborgar.

Að sögn Eiríks Jörundssonar sem hefur umsjón með sýningunni hefur undirbúningurinn gengið mjög vel. Búið ert að setja upp eftirlíkingu af þilfarinu á Gullfossi sem kom til landsins 1914 og sýningargestir hefja ferðalagið um sýningarsvæðið á því að ganga inná þilfarið og skoða myndir á veggjum og fleira sem fyrir augu ber. Síðan er gengið niður landgang á bryggju sem er umflötinn sjó og þar verða m.a. gamlar ljósmyndir á veggjum og leikmyndir eftir Sigurjón Jóhannsson, leikmyndahönnuð. Einnig verður hægt að sjá marhnúta, ufsa og fleiri fiska svamla neðansjávar og ýmislegt fleira skemmtilegt verður til sýnis, segir hann.

Verið er að vinna að fleiri skemmtilegum hugmyndum

Síðan fengum við styrk frá Eflingu-stéttarfélagi til þess að láta hanna eftirlíkingu af hafnarverkamanni frá fyrri tíð. Ernst Backmann sem er með sögu-safnið í Perlunni tók verkið að sér og þeir sem hafa séð karlinn, segja að hann sé það raunverulegur að einhverjir eiga örugglega eftir að ávarpa hann.

Sýningin verður opnuð laugardaginn 1. desember og verður opin daglega frá 11.00 - 17.00 til 10. desember. Aðgangur er ókeypis. Fljótlega eftir áramót

verður hún opnuð aftur og þá er líka stefnt að því að opna safnbúð og safnkaffi þar sem sýningargestir geta verslað og notið góðra veitinga og horft á útsýnið yfir höfnina. Á fyrri hluta næsta árs er stefnt að því að leggja varðskipinu Óðni að bryggju við Safnhúsið og við erum að vinna að fleiri skemmtilegum hugmyndum en tíminn verður að leiða í ljós hvort að þær verða framkvæmdar, sagði Eiríkur að lokum.

Launauppbót

Desemberuppbót á árinu 2007

Upphæð desemberuppbótar er mismunandi eftir kjarasamningum:

Desemberuppbót hjá almenna markaðnum (SA) er 41.800 kr.

Desemberuppbót hjá Ríki, hjúkrunarheimilum og sjálfseignarstofnunum er 41.800 kr.

Desemberuppbót hjá Reykjavíkurborg er 47.000 kr.

Desemberuppbót hjá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ er 61.520 kr.

Nánari upplýsingar um desemberuppbót er að finna í viðkomandi kjarasamningum á heimasíðu Eflingar, www.efling.is, eða á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500.

Fréttablað Eflingar spyr þátttakendur sem sóttu trúnaðarmannanámskeið 1 hjá Eflingu

Hvaða væntingar hefurðu til næstu kjarasamninga?



Ingunn Jónsdóttir, trúnaðarmaður á Hjúkrunarheimilinu Skjóli

Ég vona að við fáum verulega kjarabót í þeim hluta samningsins sem fjallar um launin.



Hilmar Freyr Sveinþórsson, trúnaðarmaður hjá Eimskip

Svarið er ósköp einfalt, ég vil hærri laun.



Árni Ragnarsson, trúnaðarmaður hjá Björgun

Ég held að verkafólk verði að fá verulegar launahækkanir ef horft er til ástandsins í efnahagsmálum þjóðarinnar um þessar mundir.



Heimir Hafliðason, trúnaðarmaður hjá Malbikunarstöðinni Hlaðbær Colas

Það hlýtur að vera aðal markmið þeirra sem eru í samninganefndinni að ná fram verulegri hækkun á grunnlaunin og 150.000 þúsund í byrjunarlaun. væri góð niðurstaða. Menn verða líka að taka upp umræðu um ástandið á fasteignamarkaðnum og ná fram úrbótum sem gera láglaunafólki kleift að kaupa sínu fyrstu íbúð.

Sendum félögum Eflingar-stéttarfélags og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári



Félag hársnyrtisveina
Borgartúni 30
Sími: 588 0806



GARDABÆR
www.gardabær.is

GRUND



ENDURVINNSLAN HF
Kinnarveg 4 Pósthólf 4012 101 Reykjavík
Sími 500 8522 Bréfasími 500 8900



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíðuhúðin 18 - 110 Reykjavík - Sími 550 4600 - Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is - Heimasíða: www.vinnueftirlit.is



KORNAX



GLERTÆKNI ehf
VÖLUTEGUR 21 • 270 MÍSPÉLLSÁR • SÍMI 568888 • FAX 568889



FÉLAG IDN- OG TÆKNIGREINA
Sími: 535 6000 - www.felag.is



Guðmundur Jónasson ehf.

Ferðaskrifstofa
Gistiheimili
Sérleyfis- og hóptæðir
Borgartúni 34, Reykjavík
Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gjtravel@gjtravel.is
www.gjtravel.is



**HITAVEITA
SUÐURNESJA HF.**

ÍSTAK



Byggingafélag



Starfsgreinasamband Íslands



Bakari í einu Bæðiláka - Ísland - Sími 500 8900



MÍMIR
símenntun



KÓPAVOGUR



HB GRANDI



Kjölli
frá Ísflugli
langtíðastestur



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

SAMSKIP





	J.S. 85	MANNA- MÖT SNÍKILL FINNAR	MAD- UR TVÍHL.	RISI BÚGREIN SÖMU	'ISL- STAFUR SKÓLI	'ÖF- TVÍHL. ORKA	HÉRAD ' ÖLPJUNUM	'ÖRLA	HREGG	EDA		
	→						+				↘	
KRYDD BÖL					✓			+				
STÚK- DÖMUR						✓		9	FOR- NAFN ÖFN			
↓	MAD- UR	'IPR- FEL- PÍPA			KÖRN BOLA		6	UGGA HROTTA			↓	
'ATT ÖGLEDIN BLÖT						1				'ATT REIÐ SKIP		
BORÐA SKESSU NAUT				12					SPURN GÆLU- NAFN			
ASI				✓			PÝSK BORG	5		10		
SÖMU		VEITINGA MADUR HÚS- GÆGNID LEND	✓	✓			7					
SAM- HLJÓÐI		SAMST. SNÆRU ÚT ÚK			FLANA EINS UMR SLANNA JURT				+			
LÍN	+			HANI EINK.ST. NÚA								
FORUG GYÐJA				8			TALA FLOKK- UN		TVÍHL. FENIÐ 'IPR.FEL.			
SÖGN		SNJÓR TVÍHL.	✓			SKOT ← MANN			4			
TALA MÆLI STERKA								FISKUR BEINA N.H.M.				
EINS UMD ADFALL GUM												
PUNGI ←		ÖÐOKKA SAMTÖK		3	✓		GÖFGI SKRÍKTI			11	✓	
↘	EINK.ST.			→	'ATT		→	SAMST.			TALA	
SKRÍÐ- DÝRID					SKORTUR ELDSN. SAMHL.		2		✓	✓		
TVÍHL. DRAUM- AR ORTI				13								
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 15. desember 2007.



Að þessu sinni hlaut Helga Sigrún Sveinsdóttir vinninginn í Krossgátunni að upphæð 15 þúsund og óskum við henni til hamingju með vinninginn.

Lausn síðustu krossgátu



LAUSNARORÐ: VETTLINGADRÍFA



Bestu jóla- og nýárskveðjur



≡ HÉÐINN ≡
Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Heiða í matarleit...

Kuldakast í sveitinni

Ég á litla mús, sem heitir Heiða...

Við viljum vekja sérstaka athygli á því að nú í vetur höfum við orðið vör við músafaraldur í orlofsbyggðunum og bendum því ykkur á sem nýtið sumarhúsin að gæta sérstaklega að því að loka hurðum um leið og inn eða út er komið.

Sérstaklega þarf að gæta þess að hafa hurðir lokaðar á meðan dvalið er í heitu pottunum. Mýsnar sækja í hitann og eiga það til að dvelja undir þröskuldum við ylinn og skjótast svo inn um leið og hurð opnast.



... og hvað fann hún?

Einnig viljum við benda á að ef verið er að grilla úti þá þarf að þrifa grillin vel á eftir og skilja ekki matarleifar eftir á grillinu. Músum eins og Heiðu litlu finnst nefnilega allur matur góður.

Geymið ekki mat úti.



Upplýsingabæklingar fyrir erlent launafólk

Um réttindi og skyldur

Út er kominn nýr bæklingur ASÍ og SA um réttindi og kjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði og ber yfirskriftina „Átak gegn brotastarfsemi fyrirtækja og félagslegum undirboðum með útlendinga“. Í þessu riti er að finna greinargóðar upplýsingar um launakerfi

kjarasamninga, vinnutíma, orlofsmál, veikinda- og slysarétt, uppsagnir ráðningarsamninga, skil á félagsgjöldum o.fl. Ritið er gefið út á íslensku, pólsku og ensku, ásamt sameiginlegri útgáfu á íslensku og pólsku.

Fyrstu skrefin eru komin út á tíu tungumálum

Markmiðið með útgáfu bæklingins, Fyrstu skrefin, er að veita innflytjendum allar nauðsynlegustu upplýsingarnar um íslenskt samfélag strax við komuna til landsins. Hann er þýddur á níu tungumál, en textinn er ævinlega birtur bæði á íslensku og hinu erlenda tungumáli. Með þeim hætti getur hann nýst starfsfólki sem vinnur með innflytjendum við að kynna þeim íslenskt samfélag. Á sama hátt hefur útlendingurinn alltaf íslenska textann til hliðar þegar hann kynnir sér bæklinginn á hinu erlenda tungumáli. Tungumálin eru enska, pólska, litháíska, víetnamska, rússneska, tailenska, þýska, spænska og serbneska.

Í bæklingnum er fjallað um það sem mikilvægast er að huga að við komuna til landsins, svo sem kennitölu, dvalarleyfi, atvinnuleyfi, lögheimili, skattkort og tryggingar.

Einnig er almennum réttindum og skyldum á Íslandi lýst, greint frá félagsþjónustu, heilsugæslu, húsnæði, skólakerfinu og íslenskukennslu. Í bæklingnum er að finna heimilisföng, símanúmer og netföng helstu stofnana sem tengjast málefnum innflytjenda og yfirlit yfir helstu hjálpar samtök þegar eitthvað bjátar á.

Skemmtilegar jólavörur

... fyrir heimilið!

... fyrir fyrirtækið!

... fyrir öll tækifæri!

Rafhlöðukerti

Enginn logi, engin eldhætta!

Enginn reykur, ekkert sót!

Langur líftími rafhlöðu!



Tilvalið í
jólaskreytingarnar!

Steinlampar og kertastæði



Innigosbrunnar



GOSBRUNNAR.IS

-allt fyrir tjarnargerð, gosbrunna og vatnsflæði.

Gosbrunnar ehf - Verslun Langholttsvegi 109, á bakvið - 104 Reykjavík - S: 517-4232 / 695-4220
Opið: virka daga milli 13 - 18. Laugardaga 12 - 18.



LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*

FRÍTT DEBETKORT

HÆRRI INNLÁNSVEXTIR

LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR

AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*

NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM

Fáðu BYR undir báða vængi

Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fáið alltaf það besta sem er í boði.

Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi



*Útlán eru háð lánareglum.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is